

# Brunabótamat **2013**

September 2013



Útgefandi:

Þjóðskrá Íslands

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

1. prentun september 2013

Prentun: Pixel ehf

Ritið er á vefsíðu Þjóðskrár Íslands

ISSN 2298-3287 (prentuð útgáfa)

ISSN 2298-3295 (rafræn útgáfa)

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>6</b>
<b>2</b>	<b>Fræði og forsendur</b>	<b>7</b>
2.1	Brunabótamat . . . . .	7
2.2	Endurstofnverð . . . . .	7
2.2.1	Aðferðir . . . . .	7
2.2.2	Hvað er innifalið í endurstofnverði . . . . .	8
2.2.3	Matsaðferðir Þjóðskrár Íslands . . . . .	10
2.3	Afskrifað endurstofnverð . . . . .	10
2.3.1	Efnisleg hrörnun . . . . .	11
2.3.2	Úrelding . . . . .	16
<b>3</b>	<b>Kostnaðarmat</b>	<b>19</b>
3.1	Reiknilíkön . . . . .	19
3.2	Frumþættir . . . . .	20
3.3	Einingaverð byggingarhluta . . . . .	23
<b>4</b>	<b>Vélmat</b>	<b>29</b>
4.1	Fjölbýlishúsamódel . . . . .	29
4.1.1	Undirbygging . . . . .	30
4.1.2	Yfirbygging . . . . .	30
4.1.3	Frágangur ytri byggingar . . . . .	32
4.1.4	Innréttingar . . . . .	33
4.1.5	Útbúnaður . . . . .	34
4.1.6	Ytri frágangur . . . . .	35
4.1.7	Ýmiss kostnaður . . . . .	36
4.1.8	Fjármagnskostnaður . . . . .	36
4.1.9	Viðmiðunarlíkan fyrir fjölbýlishús í vélmati . . . . .	36
4.2	Einbýlishúsamódel . . . . .	37
4.2.1	Undirbygging . . . . .	38
4.2.2	Yfirbygging . . . . .	38
4.2.3	Frágangur ytri byggingar . . . . .	39
4.2.4	Innréttingar . . . . .	40
4.2.5	Útbúnaður . . . . .	41
4.2.6	Ytri frágangur . . . . .	42
4.2.7	Ýmiss kostnaður . . . . .	42
4.2.8	Fjármagnskostnaður . . . . .	42
4.2.9	Viðmiðunarlíkan fyrir einbýlishús í vélmati . . . . .	42
4.3	Bílskúramódel . . . . .	43
4.3.1	Undirbygging . . . . .	44
4.3.2	Yfirbygging . . . . .	44

4.3.3	Frágangur ytri byggingar . . . . .	45
4.3.4	Útbúnaður . . . . .	46
4.3.5	Ýmiss kostnaður . . . . .	47
4.3.6	Álag á vélmat bílskúra . . . . .	47
4.3.7	Viðmiðunarlíkan fyrir bílskúra í vélmati . . . . .	47
4.4	Gæðastuðlun í vélmati . . . . .	48
<b>5</b>	<b>Handmat</b>	<b>54</b>
<b>6</b>	<b>Niðurstöður</b>	<b>55</b>
6.1	Endurstofnverð . . . . .	56
6.1.1	Kostnaðarmat . . . . .	56
6.1.2	Vélmat . . . . .	58
6.1.3	Handmat . . . . .	60
<b>A</b>	<b>Frumþáttarverð</b>	<b>62</b>
<b>B</b>	<b>Byggingarhlutar</b>	<b>73</b>
<b>C</b>	<b>Skráningartafla</b>	<b>78</b>
<b>D</b>	<b>Magntöluformúlur byggingarhluta</b>	<b>80</b>
<b>E</b>	<b>Meðalfermetraverð</b>	<b>87</b>
<b>F</b>	<b>Niðurstöður mats</b>	<b>89</b>
<b>G</b>	<b>Niðurstöður mats (endurstofnverð)</b>	<b>93</b>
<b>H</b>	<b>Niðurstöður mats (afskrifað endurstofnverð)</b>	<b>97</b>
<b>I</b>	<b>Lög nr. 48/1994 um brunatryggingar</b>	<b>101</b>

## Töfluskrá

1	Matsstig og helstu kostnaðarliðir . . . . .	9
2	Viðhaldseinkunnir og afskriftamörk fyrir öll hús nema útihús . . . . .	12
3	Viðhaldseinkunnir og afskriftamörk fyrir útihús og sambærileg hús . . . . .	12
4	Úreldingarafskriftir . . . . .	17
5	Dæmi um byggingarhluta í kostnaðarmati . . . . .	23
6	Frumþættir tengdir sökklum í kostnaðarmati . . . . .	24
7	Áætlaður líftími sökklá eftir steypugæðum . . . . .	25
8	Dæmi um mismunandi útfærslur á sökklum . . . . .	26
9	Dæmi um einbýlishús í kostnaðarmati . . . . .	27
10	Kostnaðarmetið verð byggingarhluta fyrir viðmiðunarlíkan fjölbýlishúsa í vélmati	37

11	Kostnaðarmetið verð byggingarluta fyrir viðmiðunarlíkan einbýlishúsa í vélmati	43
12	Kostnaðarmetið verð byggingarluta fyrir viðmiðunarlíkan bílskúra í vélmati . . .	48
13	Niðurstöður endurmats . . . . .	55
14	Niðurstöður endurmats . . . . .	56
15	Frumþættir í kostnaðarmati á verðlagi í janúar 2013 . . . . .	62
16	Byggingarlutar í kostnaðarmati og það matsstig sem þeir reiknast með á . . . .	73
17	Meðal fermetraverð fasteigna á matsstigi 6-8 . . . . .	87
18	Niðurstöður endurmats brunabótamats . . . . .	89
19	Niðurstöður endurmats endurstofnverðs . . . . .	93
20	Niðurstöður endurmats afskrifaðs endurstofnverðs . . . . .	97

## Myndaskrá

1	Skipting matshluta eftir matsaðferð. . . . .	10
2	Afskriftaferill miðað við venjulegt viðhald í reiknilíkani. . . . .	13
3	Afskriftaferill miðað við raunverulegt viðhald og engin afskriftarmörk. . . . .	14
4	Samanburður á afskriftaferlum fyrir meðalviðhald í reiknilíkani og raunverulegt viðhald án afskriftarmarka. . . . .	14
5	Meðalafskriftir á öllu íbúðarhúsnaði eftir aldri í kostnaðar- og vélmati, frá árinu 1920 til ársins í ár. . . . .	15
6	Byggingarkostnaður og viðhaldskostnaður við raunverulegt viðhald. . . . .	16
7	Brunabótamat með kostnaðarmatsaðferð. . . . .	20
8	Verðbreytingar efnisliða frá árinu 2012 til 2013. . . . .	21
9	Verðbreytingar vinnu- og vélaliða frá árinu 2012 til 2013. . . . .	22
10	Skipting efnis-, vinnu- og vélaliða í kostnaðarmati. . . . .	22
11	Eiginleikar sökkla. . . . .	25
12	Mismunandi einingaverð fyrir sökkla í einbýlishúsum í Reykjavík . . . . .	26
13	Breyting á brunabótamati frá maí 2013 til júní 2013. . . . .	55
14	Breyting milli ára á endurstofnverði matshluta í kostnaðarmati og á matsstigi 7 eða 8. . . . .	57
15	Breyting milli ára á endurstofnverði matshluta í kostnaðarmati með steypa útveggi og á matsstigi 7 eða 8. . . . .	57
16	Breyting milli ára á endurstofnverði matshluta í kostnaðarmati með útveggi úr timbri og á matsstigi 7 eða 8. . . . .	58
17	Breyting milli ára á endurstofnverði matshluta í vélmati og á matsstigi 7 eða 8. . . . .	59
18	Breyting milli ára á endurstofnverði fjölbýlishúsa í vélmati og á matsstigi 7 eða 8. . . . .	59
19	Breyting milli ára á endurstofnverði einbýlishúsa í vélmati og á matsstigi 7 eða 8. . . . .	60
20	Breyting milli ára á endurstofnverði bílskúra í vélmati og á matsstigi 7 eða 8. . . . .	60
21	Fermetraverð á móti flatarmáli einbýlis- og raðhúsa. . . . .	87

# 1 Inngangur

Hér eru kynntar niðurstöður árlegs endurmats brunabótamats. Endurmatið fer fram í maí á hverju ári og er þá brunabótamat allra bygginga á landinu endurreiknað. Tilgangur brunabótamats er að finna váttryggingarverðmæti bygginga. Brunabótamat tekur til þeirra efnislegu verðmæta byggingar sem eyðilagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar.

Upplýsingar um nýjar byggingar eru skráðar í sérstaka skráningartöflu samkvæmt skráningarreglum Þjóðskrár Íslands og byggingarfulltrúa. Þrjár mismunandi reikniaðferðir eru notaðar til að ákvarða brunabótamat. Aðferðin sem notuð er í dag heitir kostnaðarmatsaðferð og er notuð á allar byggingar með skráningartöflu. Einnig er þó haldið við eldri aðferðum, vélmatsaðferð og handmatsaðferð, en unnið er að því að færa allar byggingar yfir í kostnaðarmatsaðferð eftir því sem skráningartöflum fjölgar. Vélmatsaðferð er notuð á fjölbýlishús, einbýlishús og bílskúra sem ekki hafa skráningartöflu, en handmatsaðferð er notuð á byggingar frábrugðnar þessum þrem húsgerðum.

Öll verðsöfnun í tengslum við matið er unnin af stofnuninni, en áður fyrr var verðsöfnun Hagstofu Íslands notuð í bland við eigin verðsöfnun.

Með endurmatinu 2013 varð engin breyting á aðferðafræði við brunabótamat nýrra bygginga. Brunabótamat þeirra er eftir sem áður endurstofnverð (endurbyggingarkostnaður samþærilegrar byggingar) að viðbættum kostnaði við hreinsun brunarústa. Samkvæmt könnunum Þjóðskrár Íslands nemur sá kostnaður nú að jafnaði allt að 10% af endurstofnverði bygginga. Endurstofnverð eldri bygginga er eftir sem áður afskrifað m.t.t. aldurs, slits og viðhalds, áður en brunabótamat er ákvarðað. Hægt er að nálgast upplýsingar um brunabótamat einstakra bygginga á vef Þjóðskrár Íslands, [www.skra.is](http://www.skra.is), með því að slá inn heiti eða fastanúmer eignarinnar.

Heildarbrunabótamat allra bygginga á landinu er 6.556 milljarðar kr. eftir endurmat og hefur hækkað úr 6.314 milljörðum frá síðasta endurmati. Hækkunin stafar bæði af hækkun byggingarkostnaðar og byggingarstarfsemi á árinu.

## 2 Fræði og forsendur

Samkvæmt lögum um brunatryggingar er húseigendum skylt að brunatryggja allar húseignir sínar. Brunabótamat er grundvöllur þessarar lögbundnu brunatryggingar. Í maí ár hvert er brunabótamat allra bygginga endurreiknað af Þjóðskrá Íslands. Endurreikningurinn miðast við verðlag í janúar þess árs, þess á milli er brunabótamatið framreiknað milli mánaða með byggingarvísitölu<sup>1</sup> Hagstofu Íslands.

### 2.1 Brunabótamat

Tilgangur matsins er að finna vátryggingarverðmæti húseignar svo að eigandi fái bætur sem nema kostnaði við að endurbyggja eða gera við húseignina þannig að hún verði sambærileg því sem hún var fyrir tjón. Bæturnar miðast við byggingarkostnað húseignar að frádregnum afskriftum vegna aldurs, slits, viðhalds og ástands. Auk þess er bætt við kostnaði við hreinsun á brunastað sem er 10% af endurstofnverði (sjá kafla 2.2). Brunabótamat er því reiknað á eftirfarandi hátt

$$\text{Brunabótamat} = \text{Afskrifað endurstofnverð} + 0,1 \times \text{Endurstofnverð}$$

Brunabótamat tekur ekki til lóðarinnar eða staðsetningarverðmætis. Tvö eins hús sem byggð eru á sama tíma, annars vegar á eftirsóttu svæði og hins vegar á lítt söluvænu svæði, hafa því jafnhátt brunabótamat. Rétt er þó að benda á að brunabótamat og heildarbyggingarkostnaður er ekki sá sami. Þótt hús brenni til grunna fer ekki allt forgörðum sem kostað hefur verið til byggingarinnar. Ef hús brennur og annað sams konar hús er byggt á sömu lóð þarf ekki að greiða aftur opinber gjöld og lóðarkostnað sem tilheyrir lóðinni en ekki húsinu.

### 2.2 Endurstofnverð

Endurstofnverð er endurbyggingarkostnaður sambærilegrar byggingar, miðaður við samskonar byggingarefni og þær byggingaraðferðir sem tíðkast í dag. Endurstofnverð bygginga er grunnur fyrir brunabótamat sem og fasteignamat hjá byggingum sem ekki eru í markaðs- eða tekjumati<sup>2</sup>.

#### 2.2.1 Aðferðir

Til eru nokkrar mismunandi aðferðir til þess að reikna endurstofnverð. Helstu aðferðirnar eru: samanburðaraðferð (e. the comparative-unit method), byggingarhlutaaðferð (e. the segregated cost method/unit-in-place method) og magntökuaðferð (e. the quantity survey method).

---

<sup>1</sup>Upplýsingar um byggingarvísitölu er hægt að finna á vef Hagstofu Íslands á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) og skal velja grunn frá 1987.

<sup>2</sup>Markaðsmat áætlar verðmæti fasteignar út frá verðmæti nýseldra, nálæggra fasteigna með sömu eiginleika, en tekjumati út frá upplýsingum um tekjur sem afla má af fasteigninni.



### **Samanburðaraðferð (e. the comparative-unit method)**

Samanburðaraðferðin er fljótlegust, auðveldust í notkun og krefst minnstu reynslunnar. Matsmaður leitar eftir sambærilegri byggingu í töflum. Þar finnur hann fermetraferð sem hann margfaldar með heildarstærð byggingarinnar. Rúmmetraferð getur verið notað þegar við á.

### **Byggingarhlutaaðferð (e. the segregated cost method/unit-in-place method)**

Byggingarhlutaaðferðin er nákvæmari heldur en samanburðaraðferðin þar sem byggingunni er skipt niður í byggingarhluta og kostnaður hvers byggingarhluta reiknaður sérstaklega. Byggingarhlutarnir eru síðan margfaldaðir með stuðlum sem taka tillit til gæða viðkomandi byggingarhluta. Þessi aðferð er flóknari en samanburðaraðferðin og krefst meiri kunnáttu. Þessi aðferð er sambærileg vélmatsaðferðinni sem notuð er af Þjóðskrá Íslands og fjallað er um í kafla 4.

### **Magntökuaðferð (e. the quantity survey method)**

Í þessari aðferð eru öll aðföng (vinna, vélar, efni, rekstrarkostnaður o.fl.) sem fara í bygginguna magntekin til þess að fá heildarkostnað hennar. Aðferðin er tímafrek ef magntölur eru ekki fyrir hendi og krefst mikillar þekkingar á byggingarhlutum, þess vegna er hún yfirleitt ekki notuð við matsgerð. Þessi aðferð er sambærileg kostnaðarmatsaðferðinni sem notuð er af Þjóðskrá Íslands og fjallað er um í kafla 3.

#### **2.2.2 Hvað er innifalið í endurstofnverði**

Til þess að komast að heildarverðmæti byggingar þá verður allur kostnaður, bæði beinn og óbeinn að vera innifalinn. Báðir þessir þættir eru nauðsynlegir til þess að nálgast áreiðanlegt endurstofnverð. Eftirfarandi þættir eru innifaldir í endurstofnverði:

- **Efni.** Miðað er við innkaupsverð, flutning innan svæðis og eðlilega rýrnun.
- **Vinnuliðir** þ.e. launagreiðslur skv. eðlilegum launatöxtum ásamt launatengdum gjöldum. Miðað er við meðalaðstæður á vinnumarkaði.
- **Vélaliðir**, verðlagðir nægilega hátt til að standa undir afskriftum, rekstri og eðlilegri ávöxtun.
- **Aðstaða á byggingarstað.** Vinnuskúrar, plön, byggingarkranar og fleira.
- **Hönnun** arkitekta og verkfræðinga.
- **Eftirlit** á byggingartíma.
- **Stjórnunarkostnaður** verktaka og verkkaupa.
- **Tryggingar** á byggingartíma.
- **Fjármagnskostnaður** á byggingartíma.

- **Virðisaukaskattur.**

Undanskilið í endurstofnverði er:

- **Opinber gjöld**, þ.e. gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, skipulagsgjald, heimaæðargjald hitaveitu, heimtaugargjald rafmagns og gjald fyrir vatns- og skolplögn að lóð.
- **Lóðarfrágangur**, annar en grófjöfnun lóðar.
- **Flutningskostnaður** í dreifbýli.
- **Ferðir og uppihald** utan þjónustusvæðis.
- **60% af VSK<sup>3</sup>** vegna vinnu manna á byggingarstað (eingöngu fyrir íbúðarhúsnæði).
- **Aukakostnaður** vegna vetrarvinnu o.fl.

Matsstig hefur einnig áhrif á endurstofnverð. Stigið sem miðað er við er svokallað metið byggingarstig eða matsstig. Matsstigið er metið af Þjóðskrá Íslands og getur verið frábrugðið byggingarstigi skráðu af byggingarfulltrúa sveitafélaga (skv. íslenska staðlinum ÍST 51:2001).

**1. tafla. Matsstig og helstu kostnaðarliðir**

Matsstig	Helstu kostnaðarliðir
0 úthlutað	Ekkert endurstofnverð reiknað.
1 byggingarleyfi	Hönnun arkitekta og verkfræðinga.
2 undirstöður	Gröftur og fylling, uppsteypun sökkla, lagnir í grunn og botnplata.
3 burðarvirki fullreist	Steyptir veggir, steypumót, forsteyptar einingar, steyptar súlur, berandi innveggir, gólfplötur, gluggar, steyptir stigar og þakvirki.
4 fokheld bygging	Ytri klæðning útveggja, gluggar og frágangur þaks.
5 tilbúin til innréttingar	Frágangur innveggja og innri frágangur útveggja, frágangur lofta, útihurðir, frágangur glugga, frárennslis- og neysluvatnslagnir innanhúss sem og hita- og raflögn.
6 fullgerð án lóðarfrágangs	Frágangur gólfa og stiga, innihurðir og fastar innréttingar.
7 fullgerð bygging	Frágangur lóðar.
8 Tekið í notkun í byggingu	Frágangur ekki kláraður. Ástand húss er á milli matsstigs 5 og 7.
9 Í endurbyggingu	Ástand metið sambærilegt matsstigi 4.

Ekki reiknast verð á byggingarhluta fyrr en byggingin er komin á það matsstig sem þeir eiga að vera komnir inn.


<sup>3</sup>Fram til 1. janúar 2014 er í gildi undanþága, á lögum um virðisaukaskatt, þess efnis að endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og fristundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Ekki er tekið tillit til þessarar undanþágu við matsgerð.

### 2.2.3 Matsaðferðir Þjóðskrár Íslands

Endurstofnverð er reiknað á mismunandi vegu eftir gerð eignar og þeim skráningarupplýsingum sem til eru um eignina. Aðferðirnar sem notaðar hafa verið eru þrjár:

- **Kostnaðarmatsaðferð.**
- **Vélmatsaðferð.**
- **Handmatsaðferð.**

Kostnaðarmatsaðferðin var tekin í notkun 1998 og er notuð á allar byggingar með skráningartöflu (sjá viðauka C). Allar nýjar byggingar eru reiknaðar með þessari aðferð, en unnið er að því að gera skráningartöflu fyrir eldri byggingar. Vélmatsaðferðin er frá 1977 og er notuð á íbúðarhús og bílskúra sem ekki hafa skráningartöflu. Handmatsaðferð er notuð á byggingar án skráningartöflu sem flokkast ekki undir reiknilíkön vélmatsins, eins og atvinnuhús, sumarhús og útihús. Skipting matshluta eftir matsaðferð má sjá á 1. mynd, en matshluti er mannvirki í heild eða sá hluti þess sem fær sér skráningartöflu.



1. mynd. *Skipting matshluta eftir matsaðferð.*

Við endurmat 2013 var 23% matshluta í kostnaðarmati, en sá hópur stækkar með hverju ári. Stefnt er að því að notast eingöngu við kostnaðarmatsaðferð eftir því sem skráningartöflum fjölga.

### 2.3 Afskrifað endurstofnverð

Afskrift er lækkun verðgildis á gömlu eða notuðu mannvirki í samanburði við nýtt mannvirki. Nauðsynlegt er að hafa í huga að hér er verið að fjalla um afskriftir brunabótamats en ekki

bókhaldslegar eða skattalegar afskriftir. Þær afskriftir sem hér er fjallað um taka frammar öðru mið af byggingarfræðilegu ástandi mannvirkis á þeim tímapunkti sem um er að ræða. Vert er að hafa í huga að afskriftir í brunabótamati taka ekki mið af kostnaði við viðhald, heldur ástandi byggingar á ákveðnum tíma.

Brunabótamatið afskrifast í reiknilíkaninu eftir aldri hússins, líftíma byggingarluta og þeirri viðhaldseinkunn sem matsmaður gefur því. Viðhaldseinkunn er meðalviðhald nema skoðun leiði annað í ljós. Afskriftir verða mismunandi eftir því hve mikið hinir ýmsu byggingarhlutar veга í kostnaði og tvö hús reist eftir sömu teikningu geta afskrifast mishratt ef t.d. innréttingar eru mismunandi. Fræðilega séð eru tvær megintegundir afskrifta.

- Efnisleg hrörnun.
- Úrelding.
  - Skert nýtingarhæfni
  - Hagrænar afskriftir

### 2.3.1 Efnisleg hrörnun

Afskriftir vegna efnislegrar hrörnunar endurspegla minnkað verðgildi mannvirkis vegna áhrifa umhverfis, náttúruafla, slits og skemmda vegna notkunar og galla. Efnislegar afskriftir fara eftir líftíma byggingarefnis. Byggingarefni og byggingarhlutar eru flokkaðir eftir líftíma í:

- Skammtíma (S). Líftími minni en 10 ár.
- Millitíma (M). Líftími milli 10 og 50 ár.
- Langtíma (L). Líftími milli 50 og 100 ár.

Afskriftahraði fer eftir líftíma byggingarluta. Byggingarhlutar afskrifast línulega, þannig afskrifast byggingarhluti með 20 ára líftíma um 5% á ári en byggingarhluti með 50 ára líftíma um 2% á ári.

### Viðhaldseinkunn

Húsum er skipt í tvo notkunarflokk, þ.e. útihús í dreifbýli og sambærileg hús og hins vegar önnur hús. Afskriftamörk eru mismunandi í þessum tveimur notkunarflokkum og fara jafnframt eftir viðhaldseinkunn eins og sést í 2. og 3. töflu. Meðalviðhald útihúsa í dreifbýli er að jafnaði minna en húsa í þéttbýli. Reiknilíkanið gerir ráð fyrir meðalviðhaldi og frávik frá því koma aðeins til vegna skoðunar eða upplýsinga frá eiganda.

**2. tafla.** *Viðhaldseinkunnir og afskriftamörk fyrir öll hús nema útihús*

<b>Viðhald</b>	<b>Skammtímaþættir</b>	<b>Millitímaþættir</b>	<b>Langtímaþættir</b>
Mjög gott	100%	75%	50%
Gott	100%	72%	40%
Meðal	80%	67%	30%
Lítið	30%	50%	20%
Mjög lítið	20%	30%	15%

**3. tafla.** *Viðhaldseinkunnir og afskriftamörk fyrir útihús og sambærileg hús*


<b>Viðhald</b>	<b>Skammtímaþættir</b>	<b>Millitímaþættir</b>	<b>Langtímaþættir</b>
Mjög gott	100%	75%	50%
Gott	100%	60%	40%
Meðal	80%	50%	30%
Lítið	30%	30%	15%
Mjög lítið	20%	20%	15%

Afskriftir fylgja þannig reiknilíkani og afskriftamörk fara eftir viðhaldseinkunn. Skilgreining viðhaldseinkunna, þ.e. mjög gott, gott, meðal, lítið og mjög lítið viðhald, er hluti af vinnureglum matsmanna.

Við skoðun geta komið fram atriði sem taka verður tillit til við afskriftir. Komi fram gallar á húsi svo sem steypuskemmdir, sprungnar lagnir, sigin gólf, sprungur í veggjum, sökklum og botnplötum o.s.frv. vegna sigs eða hönnunargalla, tekur matsmaður tillit til þess með því að beita stuðli á brunabótamat viðkomandi byggingarluta og lækka þannig verðgildi hans. Þetta á einnig við þegar hús í heild hefur orðið fyrir svo mikilli áraun að endurbygging er ekki möguleg.

### **Afskriftaferlar**


Afskriftaferlar eru sjálfstæðir fyrir hvert húslíkan. Líkanið er byggt upp af byggingarhlutum og afskriftir fara eftir líftíma þeirra. Afskriftaferlar geta verið mjög breytilegir, bæði vegna breytilegs hlutfalls efnisliða af heildinni og vegna mismunandi hlutfalls langtíma-, millitíma- og skammtímaþátta af heildarkostnaði. Einnig verða afskriftaferlarnir breytilegir eftir viðhaldseinkunn og í hvaða flokki byggingin er þ.e. útihús eða önnur hús. Á 2. mynd má sjá afskriftaferil á dæmigerðu einbýlishúsi, miðað við meðalviðhald.



**2. mynd.** Afskriftaferill miðað við venjulegt viðhald í reiknilíkani.


Neðri hluti línuritsins samanstendur af vinnu- og vélaliðum og afskrifast ekki. Í efri hlutanum eru efnisliðir. Efnisliðir skammtímaþátta eru afskrifaðir niður að 80% af upphaflegu virði, millitímaþættir niður að 67% virði og langtímaþættir niður að 30% virði. Þetta eru afskriftamörkin miðað við meðalviðhald fyrir hús önnur en úthús. Gert er því ráð fyrir að afskrifað endurstofnverð (AEST) muni fylgja sjálfvirkum ferli reiknilíkansins eftir að matsmaður hefur ákveðið allar grunnforsendur. Frávik frá sjálfvirkum ferli felast í breytingum vegna upplýsinga frá húseiganda eða skoðun matsmanns. Matsmaður getur þá breytt viðhaldseinkunn byggingarinnar sem hefur áhrif á afskriftaferilinn.

Gert er ráð fyrir því að efnisliðir séu endurnýjaðir jafnóðum og líftíma hvers þeirra lýkur. Í raunveruleikanum er það ekki alltaf þannig, gera má ráð fyrir að nokkur hluti byggingarhlutanna sé endurnýjaður áður en líftíma er lokið. Á 3. mynd má sjá hvernig afskriftaferill hjá dæmigerðu einbýlishúsi lítur út ef byggingarhlutar eru endurnýjaðir um leið og líftíma þeirra er lokið og þeir afskrifaðir línulega með engin afskriftamörk.



**3. mynd.** *Afskriftaferill miðað við raunverulegt viðhald og engin afskriftarmörk.*

Í þessu tilviki afskrifast húsið mest fyrstu árin en rokkar síðan upp og niður í kringum 75% eftir að 30 ár eru liðin frá því að húsið var byggt. Á 4. mynd má sjá samanburð á afskriftaferlinum miðað við meðalviðhald í reiknilíkaninu og síðan afskriftaferlinum á 3. mynd.




**4. mynd.** *Samanburður á afskriftaferlum fyrir meðalviðhald í reiknilíkani og raunverulegt viðhald án afskriftarmarka.*

Afskriftir í reiknilíkaninu eru í þessu tilviki minni heldur en miðað við raunverulegt viðhald. Þar sem um tryggingarmat er að ræða er mikilvægt að vera frekar íhaldssöm heldur en að afskrifa of mikið.

Brunabótamat með afskriftum sem ákveðið er samkvæmt líkani er hugsað þannig að við eðlilegar aðstæður séu yfirgnæfandi líkur á að niðurstöður séu öruggu megin við raunverulegt ástand. Til þess að sannreyna reiknilíkanið voru skoðuð fimm hús í hverjum af þrem aldursflokkum, 20 ára, 40 ára og 60-70 ára. Húsin sem skoðuð voru eru í ýmsum notkunarflokkum: íbúðarhús, verslunarhús, iðnaðarhús, skrifstofur, samkomusalir og kirkja. Skoðun á staðnum kom vel heim við líftímatöflur. Frávik finnast einkum ef hús hefur verið tekið til verulegrar endurnýjunar vegna breyttrar notkunar eða hliðstæðra tilvika. Reiknilíkani er ekki ætlað að ná til slíkra frávika, heldur er gert ráð fyrir að eigandi hafi samband og biðji um nýtt brunabótamat til þess að tryggja fjárfestinguna sína.


Á 5. mynd má sjá meðalafskriftir hjá öllu íbúðarhúsnæði sem byggt er frá árinu 1920 til ársins í ár og er í kostnaðar- eða vélmati.



**5. mynd.** Meðalafskriftir á öllu íbúðarhúsnæði eftir aldri í kostnaðar- og vélmati, frá árinu 1920 til ársins í ár.

Til gamans má á 6. mynd sjá hvernig byggingar- og viðhaldskostnaður dreifist yfir líftíma dæmigerðs einbýlishúss, gert er ráð fyrir að byggingarhlutar séu endurnýjaðir eftir að líftíma þeirra er lokið og þeir afskrifast línulega með engin afskriftarmörk.





6. mynd. Byggingarkostnaður og viðhaldskostnaður við raunverulegt viðhald.

Viðhaldskostnaðurinn er ekki mikill fyrstu árin, en eftir 30 ár þarf að endurnýja marga millitímabætti (í þessu tiltekna reiknilíkani) og því fylgir talsverður kostnaður. Eftir 50 ár þá er jafn mikill kostnaður farinn í viðgerðir og upphaflegur byggingarkostnaður.

### 2.3.2 Úrelding

Úreldingarafskrift brunabótamats er það kallað þegar Þjóðskrá nýtir heimild í 7. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994 til þess að lækka brunabótamat húsa sem eru í lélegu ástandi og lítið eða ekkert í notkun. Heimild þessari má aðeins beita ef fyrir liggur staðfesting sveitarstjórnar á ástandi eignar og notkun og að hún geri ekki athugasemd við að mat verði lækkað. Þessari aðferð er mjög sjaldan beitt við ákvörðun brunabótamats.

Afskriftir vegna skertrar nýtingarhæfni húsa endurspeglar minnkandi verðgildi vegna ýmissa breyttra skilyrða, eða aðstæðna. Afskriftir vegna skertrar nýtingarhæfni mannvirkis eru alltaf afleiðing af þáttum innan mannvirkisins sjálfs. Sem dæmi má nefna að mannvirki getur ekki lengur gegnt hlutverki sínu við nútíma vinnuhætti. Hönnun eða skipulag byggingar geta verið orðin úreld vegna breyttra staðla og krafna. Mannvirkið býr ekki yfir sveigjanleika til breyttrar notkunar vegna uppbyggingar burðarvirkja o.fl. Of margar súlur í vörugeymslu valda t.d. því að lyfturum og nútíma geymsluaðferðum verður ekki við komið, yfirlofthæð nýtist ekki, rafkerfi ræður ekki við nútímakröfur o.s.frv. Sem dæmi mætti einnig nefna kröfu um byggingu nýs sjúkrahúss í stað tveggja eldri vegna erfiðleika við að aðlaga bygginguna breyttum viðhorfum, tækjabúnaði og nýjum aðferðum. Ákveðinn hluti mannvirkis getur verið í fullu gildi en vegna annarra hluta mannvirkisins sem hann tengist sem hluti heildarmannvirkis, getur hann haft skert nýtingargildi. Skert nýtingargildi getur verið ógjörlegt að bæta eða svo kostnaðarsamt að

ókleift sé. Dæmi: Ófullnægjandi lofthæð, ófullnægjandi burðargeta platna eða súlna, húsnæði á of mörgum hæðum o.s.frv. Mannvirkið verður því minna eftirsóknarvert til eignar.

Hagrænar afskriftir vegna minni arðsemi endurspeglar verðrýrnun vegna ýmissa breyttra skilyrða eða aðstæðna. Þessi þáttur úreldingar er eingöngu háður þáttum utan mannvirkisins sjálfs. Nefna má áhrif vegna aðgerða stjórnvalda (s.s. nýjar reglugerðir) eða markaðar. Skert eða ónóg arðsemi er oft háð staðsetningu, t.d. engin bílastæði við verslunarhús, þröngar götur og mikil umferð hindra eða takmarka aðkomu. Íbúðir í iðnaðar- eða verslunarhverfi, eða hverfi þar sem skemmtistaðir eru opnir fram eftir nóttu, geta orðið illnýtanlegar. Skert eða ónóg arðsemi getur tengst umhverfi t.d. gamalt hús í nýbyggðu hverfi þar sem starfsemin fellur illa að nýju skipulagi. Breytingar í iðnaði eða atvinnugrein geta valdið því að mannvirkið verður ónýtanlegt. Dæmi: Þurrð náttúrulegra auðlinda s.s. snáma, o.s.frv. Svipað getur átt við um hús á hættusvæðum. Mannvirkið verður því minna eftirsóknarvert til eignar.

Matsmaður tekur tillit til þessa með því að beita stuðli á heildarkostnað vinnu- og vélaliða viðkomandi húss og lækkar þannig verðgildi þess. Úreldingarafskrift er því háð mati matsmanns og skoðun hans á staðnum. Úreldingarafskriftir koma til viðbótar efnislegum afskriftum, eru óháðar aldri og ná aðeins til vinnu og vélaliða. Efnisþættir eru eftir sem áður afskrifaðir eftir aldri, líftíma og viðhaldseinkunn skv. afskriftaferli.

Stuðullinn sem matsmaður velur fer eftir nýtingarhæfni hússins, byggingarlagi, innra og ytra skipulagi, tæknilegum þáttum s.s. lagnakerfum og burðarvirki, hvernig það uppfyllir staðla og reglugerðir, sveigjanleika þess til að aðlagast annarri starfsemi, hvort það sé auðvelt eða erfitt að breyta húsinu til að uppfylla nútíma kröfur. Einnig getur staðsetning haft áhrif á nýtingarmöguleika vegna atvinnu- og byggðapróunar. Í 4. töflu má sjá stuðla fyrir nýtingarhæfni eins og þeir eru notaðir í brunabótamati<sup>4</sup>.

#### **4. tafla. Úreldingarafskriftir**

<b>Nýtingarhæfni</b>	<b>Stuðull</b>
Vel nothæf	1,00
Nothæf	0,90
Illa nothæf	0,75
Úrelt	0,50
Ónothæf	0,20

Vel nothæf bygging er með möguleika á fjölbreyttri nýtingu. Auðvelt er að breyta þeim. Þær uppfylla staðla og reglugerðir (byggingar-, bruna- og heilbrigðisreglugerð). Flestar byggingar eru í þessum flokki (t.d. ný íbúðarhús og fjölnota atvinnuhúsnæði).

Nothæfar húseignir þyrfti að breyta til að uppfylla nútíma kröfur um skipulag og þægindi (t.d. gamlar, þröngar íbúðir, kjallaraíbúðir).

Illa nothæfar byggingar á við um byggingar þar sem mikið pláss fer til spillis vegna lélegs skipulags og lágrar lofthæðar. Vantar lyftu, keyrsludyr eða ekki hægt að koma fyrir nauðsynlegum kerfum. Erfitt að breyta um starfsemi. Mikið um steypa milli- og burðarveggi (t.d.

<sup>4</sup>Sömu afskriftastuðlar eru notaðir fyrir fasteignamat og ná þeir einungis til húsmats.

ósamþykkt íbúð eða iðnaðarhúsnæði með erfiðri aðkomu).

Úreltar byggingar vegna byggingarlags, galla eða þróunar í atvinnugreininni og staðsetningar. Hægt væri að nýta þær undir annað, t.d. íbúðar- og útihús á eyðijörðum, sem unnt er að nýta sem sumarbústaði eða undir ferðamannaiðnað, eða hús á snjóflóðasvæðum sem hægt er að nýta á sumrin.

Síðast eru það tæknilega ónothæfar byggingar vegna byggingarlags, galla, atvinnuþróunar eða úreltrar staðsetningar. Ekki er hægt að nýta þær undir aðra starfsemi og þær bíða niðurrifs.

### 3 Kostnaðarmat

Kostnaðarmatsaðferð er notuð til þess að reikna endurstofnverð allra bygginga með skráningartöflu. Útreikningur endurstofnverðs byggir á einingaverðum byggingarhluta sem hægt er að reikna út frá upplýsingum um stærðir og fleiri eiginleika bygginga. Hver byggingarhluti er magntekinn og greindur niður í frumþætti. Upplýsingar um stærðir eru fyrst og fremst fengnar úr skráningartöflu mannvirkis (sjá viðauka C). Stofnunin fær skráningartöflur mannvirkja frá byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags. Auk upplýsinga úr skráningartöflu skoða matsmenn byggingar og teikningar af þeim. Á þennan hátt er aflað upplýsinga um gæði, ástand og magn ýmissa þátta svo sem innréttinga, gólfefna og hreinlætistækja.

#### 3.1 Reiknilíkön

Matsaðferðin er byggð á samanburði við viðmiðunarhús. Í kostnaðarkerfinu hafa verið hönnuð mismunandi líkön fyrir hinar ýmsu húsagerðir. Hvert líkan er byggt upp af fjölda byggingarhluta, sem eru mismunandi eftir gerð og gæðum húsa. Matsmaður velur viðmiðunarlíkan, viðmiðunarhús, sem er líkast því er meta skal og hefur möguleika að breyta því og aðlaga frekar að matsverkefninu. Um leið og bygging hefur verið metin í kerfinu er hún orðin að sjálfstæðu líkani og hægt að nota hana sem viðmiðunarlíkan fyrir aðrar byggingar. Hver bygging samanstendur af tveimur mismunandi gerðum líkana:

- Sameignarlíkön.
- Séreignarlíkön.

Sameignarlíkön taka til matshlutans<sup>5</sup> í heild og ná yfir alla sameignarþætti bygginga sem eru t.d. undirstöður, burðarvirki, útveggir, þak, lagnakerfi o.þ.h. Þau ná einnig yfir frágang sameiginlegra rýma t.d. stigaganga, þvottahúsa, hjólageymslna o.s.frv.


Séreignarlíkön taka til einstakra matseininga<sup>6</sup> og ná yfir séreignaþætti, sem og allan frágang séreigna innan húss, t.d. gólfefni, milliveggi, innréttingar, hreinlætistæki o.s.frv.

Á 7. mynd má sjá það ferli sem á sér stað þegar brunabótamat fyrir byggingu er reiknað með kostnaðarmatsaðferð.

---

<sup>5</sup>Matshluti er mannvirki í heild eða sá hluti þess sem fær sér skráningartöflu.

<sup>6</sup>Matseining er minnsta eining sem fær eigið brunabótamat.



7. mynd. Brunabótamat með kostnaðarmatsaðferð.

### 3.2 Frumþættir

Hver byggingarhluti samanstendur oftast af tugum frumþátta, en sérhver frumþáttur er ávallt hreinn efnis-, vinnu- eða vélaliður. Frumþættir eru m.a. steinsteypa, járn, vinna iðnaðarmanna og notkun steypudælu.


Frumþáttaverð efnisliða eru fengin með eigin verðsöfnun og er t.d. stuðst við verðskrár byggingarefnissala. Oftast er miðað við verðlistaverð við ákvörðun frumþáttaverðs. Afsláttur sem verktakar kunna að fá er látinn veða á móti ófyrirséðum kostnaði og nauðsynlegum hagnaði verktaka.

Frumþáttaverð vélaliða er ákvarðað þannig að verktaki geti keypt vinnuvél, afskrifað hana með eðlilegum hætti miðað við eðlilegan endingartíma og notkun og greitt fyrir eldsneyti, viðhald og varahluti. Tímagjald vélstjóra er ekki innifalið í tímagjaldi tækja.

Við útreikning á frumþáttaverði vinnuliða eru notuð meðallaun starfsstétta á landinu öllu samkvæmt könnun Kjararannsóknarnefndar. Til að reikna útselda vinnu er miðað við að dagvinna sé 40 tímar á viku og yfirvinna 10 tímar. Ofan á vinnu er bætt við álagi vegna launatengdra gjalda. Meðaltímagjald er síðan reiknað og bætt við það þeim hluta virðisaukaskatts sem ekki fæst endurgreiddur. En 60% af virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað íbúðarhúsnæðis fæst endurgreiddur. Í viðauka A má sjá alla frumþætti í kostnaðarmati og verð

þeirra í janúar 2013.


Fjöldi hreinna efnisliða í kostnaðarmatskerfinu er 360. Á 8. mynd má sjá hvernig frumþáttaverð efnisliða breytist milli áráanna 2012 og 2013.



8. mynd. Verðbreytingar efnisliða frá árinu 2012 til 2013.

Eins og sjá má á 8. mynd hækka sumir efnisliðir meðan aðrir lækka. Helst ber að nefna að verð á timbri er að lækka, mögulega vegna aukinnar samkeppni á markaði sem og samdráttar í byggingariðnaði.


Fjöldi hreinna vélaliða í kostnaðarkerfinu er 20 en vinnuliðir eru 36. Á 9. mynd má sjá verðbreytingar á þeim frá 2012 til 2013.



9. mynd. Verðbreytingar vinnu- og vélaliða frá árinu 2012 til 2013.

Af 9. mynd má sjá að verð bæði véla- og vinnuliða hækkar eða stendur í stað. Við endurmat er endurstofnverð allra bygginga endurreiknað með nýjum frumþáttaverðum. Breytingar á frumþáttaverðum stjórna þess vegna hvernig endurstofnverð bygginga breytist milli ára.

Á 10. mynd má sjá hvernig meðalhluftfall milli efnis-, vinnu- og vélaliða skiptist hjá öllum byggingum í kostnaðarmati árin 2011, 2012 og 2013.



10. mynd. Skipting efnis-, vinnu- og vélaliða í kostnaðarmati.

Eins og sjá má hefur hlutfall efnisliða farið lækkandi á meðan hlutfall vinnu- og vélaliða hækkar. Þar sem vinnu- og vélaliðir afskrifast ekki hefur þetta í för með sér að afskriftir verða hlutfallslega lægri en þær voru.

### 3.3 Einingaverð byggingarluta

Kostnaðarmatskerfið reiknar einingaverð fyrir hvern byggingarluta á lengdar-, flatarmáls-, rúmmáls- eða aðra viðeigandi mælieiningu. Einingaverðið er áætlað út frá því magni af efni og vinnu sem fer í setja viðkomandi byggingarluta saman. Til eru reiknilíkön fyrir alla 140 byggingarluta sem mögulegir eru í kostnaðarmati. Í 16. töflu í viðauka B má sjá lista yfir þessa 140 byggingarluta. Dæmi um byggingarluta í kostnaðarmati eru:

**5. tafla.** *Dæmi um byggingarluta í kostnaðarmati*

Byggingarluti	Eining
Fylling	Krónur á rúmmetra
Botnplata	Krónur á fermetra
Steyptir útveggir	Krónur á fermetra
Innihurðir	Krónur á stk.
Klæðning timburgrindar og einangrun	Krónur á fermetra
Frárennslislagir	Krónur á metra

Fyrir hvern byggingarluta er til formúla sem reiknar magn hans út frá upplýsingum í fasteignaskrá eða magntölum úr skráningartöflu byggingarinnar sem verið er að meta, t.d. er formúla fyrir flatarmál innveggja gert út frá nettóflatarmáli, fjölda rýma og rúmmáli og formúla fyrir fjölda ofna út frá flatarmáli hjúpflata og rúmmáli. Hægt er að velja um 50 mismunandi formúlur og þær er hægt að sjá í viðauka D. Ef byggingin er óregluleg og formúlur fyrir ákveðna byggingarluta henta ekki við magntöku þá getur matsmaður leiðrétt magntöluna með því að margfalda hana með viðeigandi stuðli.

Kostnaður allra byggingarluta er síðan lagður saman til þessa að fá endurstofnverð (EST) viðkomandi byggingar. Því næst eru aldursafskriftir ákvarðaðar og dregnar frá endurstofnverðinu til þess að fá afskrifað endurstofnverð (AEST) byggingarinnar.


Hver byggingarluti er tengdur ákveðnum fjölda af frumþáttum. Í 6. töflu má sjá hvaða frumþættir tengjast sökklum í kostnaðarmati. Uppgefin verð eru á janúarveðlagi 2013, en þau breytast eftir ástandi á markaði.



6. tafla. Frumþættir tengdir sökklum í kostnaðarmati

Frumbáttur	Eining	Einingarverð (kr.)
Útseld vinna vélstjóra með VSK (stj. jarðvinnuvéla)	klst	4.004
Útseld vinna verkamanna með VSK	klst	3.814
Útseld mælieining húsasmiða, uppsláttur 100%VSK	mæliein	1.851
Útseld mælieining húsasmiða, handlang 100% VSK	mæliein	1.851
Útseld mælieining rif og hreinsun móta 100% VSK	mæliein	1.851
Útseld mælieining múrara, múrverk 100% VSK	mæliein	235
Steypudæla	klst	28.501
Byggingatimbur Fura 25 x 150mm	m	343
Byggingatimbur Fura 50 x 100mm	m	390
Einangrunarplast 25 kg/m <sup>3</sup> þykkt 50mm	m <sup>2</sup>	1.024
Einangrunarplast 25 kg/m <sup>3</sup> þykkt 75mm	m <sup>2</sup>	1.530
Saumur, svartur m/haus, 2 1/2	kg	378
Mótavír, venjulegur 4mm	kg	621
Pússningasandur, verð á byggingastað	tunna	283
Steinsteypa Portlandsement, C16	m <sup>3</sup>	25.120
Steinsteypa Portlandsement, C20	m <sup>3</sup>	26.167
Steinsteypa Portlandsement, C25	m <sup>3</sup>	27.268
Steinsteypa Portlandsement, C 30	m <sup>3</sup>	28.806
Sekkjað Portlandsement, 50 kg poki	poki	2.238
Thoroseal foundation coating 25 kg	poki	3.590
Kambstál KS-40, suðuhæft, 8mm	kg	169
Kambstál KS-40, suðuhæft, 10mm	kg	169
Kambstál KS-40, suðuhæft, 12mm	kg	169

Kostnaðarmatið þarf að ráða við að meta hvaða byggingu sem er á Íslandi, allt frá litlum skúr upp í virkjun, þess vegna er hægt að lýsa hverjum byggingarhluta af mikilli nákvæmni. Á 11. mynd má sjá þá eiginleika sem þarf að skilgreina þegar einingaverð fyrir sökkul er reiknað í kostnaðarmatskerfinu.



11. mynd. Eiginleikar sökkla.

Þessir eiginleikar hafa áhrif á það hvaða frumþættir og hve mikið magn af þeim fer í viðkomandi sökkul. Magntala fyrir sökkla er flatarmál sökkla og er yfirleitt reiknað út frá ummáli húss. Í byggingarhlutalíkaninu fyrir sökkla er búið að meta hvað þarf mikið magn, á hvern fermetra, af hverjum frumþætti miðað við allar mögulegar lýsingar á byggingarhlutanum. Einingaverð fyrir sökkla er þess vegna gefið upp sem krónur á fermetra. Alls er hægt að lýsa sökklum á 42.000 mismunandi vegu og úr þeim verða til 42.000 einingaverð.

Sú steypa sem notuð er við gerð viðkomandi sökkuls hefur áhrif á skilgreindan líftíma byggingarhlutans. Í 7. töflu má sjá líftíma sökkla miðað við mismunandi steypugæði.

7. tafla. Áætlaður líftími sökkla eftir steypugæðum

Steypugæði	Líftími (ár)
C16	80
C20	100
C25	100
C30	120
C35	120

Líftími sökkla er því áætlaður frá 80-120 ár, en líftími byggingarhluta hefur áhrif á hversu hratt þeir afskrifast.


Í 8. töflu má sjá nokkrar mismunandi lýsingar á sökklum og hvaða einingaverð verða til við tiltekna samsetningar, en verðið er ávallt sundurliðað í efnis-, vinnu- og vélalið.

8. tafla. Dæmi um mismunandi útfærslur á sökklum

Útfærsla	Eining	Efni	Vinna	Vélar	Samtals
15cm/0,9m/C20/4K12/óein./ófrág./venjul.	m <sup>2</sup>	7.880	8.122	536	16.538
20cm/0,9m/C20/4K12/2"plast/holufyllt/venjul.	m <sup>2</sup>	9.870	8.862	714	19.446
20cm/0,9m/C20/4K12/óein./ófrág./venjul.	m <sup>2</sup>	9.284	8.364	714	18.362
20cm/0,9m/C25/#K10c30/2"plast/holufyllt/venjul.	m <sup>2</sup>	10.996	9.314	714	21.024
20cm/0,9m/C25/#K10c30/óein./ófrág./venjul.	m <sup>2</sup>	10.410	8.814	714	19.938
20cm/1,2m/C20/4K12/2"plast/holufyllt/venjul.	m <sup>2</sup>	9.598	7.752	714	18.064
20cm/1,2m/C20/4K12/óein./ófrág./venjul.	m <sup>2</sup>	9.012	7.254	714	16.980
20cm/1,2m/C25/#K10c30/2"plast/holufyllt/venjul.	m <sup>2</sup>	10.608	8.144	714	19.466
20cm/1,2m/C25/#K10c30/óein./ófrág./venjul.	m <sup>2</sup>	10.022	7.646	714	18.382
30cm/1,2m/C25/2#K10c30/2plast/holufyllt/venjul.	m <sup>2</sup>	14.484	9.128	1.070	24.682

Allar tölur eru í krónum.

Í Reykjavík eru 2.076 einbýlishús í kostnaðarmati. Það eru tvö mismunandi byggingarhlutalíkon fyrir sökkla í hverju húsi, annað fyrir innveggjasökkul og hitt fyrir útveggjasökkul. Alls verða til 52 mismunandi einingaverð fyrir sökkla hjá þessum einbýlishúsum. Á 12. mynd má sjá hvernig dreifingin á þessum einingaverðum er. Einingaverðin hafa verið námunduð að þúsund krónum.



12. mynd. Mismunandi einingaverð fyrir sökkla í einbýlishúsum í Reykjavík

Einingaverð sökkla í þessum einbýlishúsum er frá 16.000-27.000 kr. á fermetra. Einingaverð allra byggingarluta í kostnaðarmati er reiknað á svipaðan hátt og fyrir sökkla, en þegar búið er að reikna einingaverð á alla byggingarluta í sameignar- og séreignarlíkani fyrir ákveðið

hús er hægt að reikna heildarendurstofnverð hússins. Í 9. töflu má sjá dæmi um hvernig endurstofnverð fyrir einbýlishús í kostnaðarmati er reiknað. Húsið er 169 m<sup>2</sup> steipt einbýlishús á einni hæð með 46,6 m<sup>2</sup> innbyggðum bílskúr. Húsið var byggt árið 2006 og er heildarrúmmál þess ásamt bílskúr 814 m<sup>3</sup>.

9. tafla. Dæmi um einbýlishús í kostnaðarmati

Byggingarhluti	Magn	Eining	Einingarverð (kr.)	Samtals (kr.)
<b>Sameignarlíkan</b>				
Uppúrtekt	377.5	m <sup>3</sup>	2.126	802.482
Fylling	377.5	m <sup>3</sup>	4.361	1.646.402
Sökkklar	79.2	m <sup>2</sup>	20.918	1.656.688
Sökkklar	77.6	m <sup>2</sup>	17.766	1.378.953
Botnplata	215.6	m <sup>2</sup>	9.094	1.960.695
Steiptir veggir	176.6	m <sup>2</sup>	17.230	3.042.756
Límtré bitar	17.0	m	18.629	316.691
Steiptir veggir	50.8	m <sup>2</sup>	14.999	762.705
Sperruþak	255.4	m <sup>2</sup>	6.937	1.771.760
Útígluggar, tré	38.4	m <sup>2</sup>	96.346	3.699.672
Tréútihurðir	1.0	stk	270.606	270.606
Tréútihurðir	1.0	stk	244.944	244.944
Tréútihurðir	1.0	stk	272.578	272.578
Bílskúrshurðir	1.0	stk	349.924	349.924
Ytri klæðning útveggja, múr	128.6	m <sup>2</sup>	5.931	762.680
Innri klæðning útveggja - múrhúðun	128.6	m <sup>2</sup>	16.432	2.113.189
Klæðning innveggja - múrhúðun	50.8	m <sup>2</sup>	19.856	1.009.676
Þakklæðning ofan, tréþak	255.4	m <sup>2</sup>	13.753	3.512.433
Þakloftaklæðning - klæðning timburþaks	250.8	m <sup>2</sup>	5.034	1.262.292
Útbúnaður á byggingarstað	215.6	m <sup>2</sup>	18.488	3.985.964
Fráveitulagnir í grunn	99.0	m	6.201	613.886
Hítalagnir úr stáli	132.0	m	3.303	436.036
Hítalagnir úr stáli	31.3	m	2.603	81.615
Ofnar	20.9	stk	57.066	1.192.673
Loftnetskerfi	1.0	stk	116.450	116.450
Tengigrindur hitaveitu	1.0	stk	228.625	228.625
Brunnar	2.0	stk	92.717	185.433
Fráveitulagnir á lóð	10.0	m	10.857	108.572
Heimæð fyrir neysluvatn	10.0	m	2.995	29.953
Hönnun arkitekta	814.0	m <sup>3</sup>	1.000	814.084
Hönnun verkfræðinga	814.0	m <sup>3</sup>	366	297.998
Eftirlit ráðgjafa	215.6	m <sup>2</sup>	2.819	607.876
Yfirstjórn verkkaupa	215.6	m <sup>2</sup>	3.021	651.296
Fjármagnskostnaður	1.0	%	1.628.441	1.628.441
<b>Samtals:</b>				<b>37.816.028</b>

Byggingarhluti	Magn	Eining	Einingarverð (kr.)	Samtals (kr.)
<b>Séreignarlíkan - hús</b>				
Timburgrind innveggja	178.9	m <sup>2</sup>	3.535	632.449
Innihurðir	9.0	stk	90.717	816.472
Innihurðir	1.0	stk	108.307	108.296
Klæðning timburgrindar og einangrun	145.2	m <sup>2</sup>	8.625	1.252.050
Klæðning timburgrindar og einangrun	16.1	m <sup>2</sup>	37.425	603.672
Gólfklæðning - steipt gólf	31.7	m <sup>2</sup>	22.103	701.549
Gólfklæðning - steipt gólf	127.0	m <sup>2</sup>	14.020	1.779.919
Þakloftaklæðning - klæðning timburþaks	173.8	m <sup>2</sup>	8.432	1.465.355
Eldhúsvaskar	1.0	stk	107.548	107.548
Ræstivaskar	1.0	stk	68.813	68.813
Handlaugar	2.0	stk	52.866	105.731
Baðkór	1.0	stk	199.394	199.394
Sturtuböð	1.0	stk	331.984	331.984
Vatnssalerni	2.0	stk	71.286	142.572
Gólfniðurföll	3.0	stk	13.931	41.792
Raflagnir, ljósa- og tenglastaðir	169.0	stk	18.487	3.124.337
Dyrasími, innistöðvar	1.0	stk	120.817	120.817
Fataskápar	9.0	m	115.411	1.038.695
Eldhúsinnréttingar	6.0	m	78.323	469.938
Eldhúsinnréttingar	3.0	m	48.295	144.884
Eldavélar	1.0	stk	243.362	243.362
Fjármagnskostnaður	1.0	%	506.236	506.236
<b>Samtals:</b>				<b>14.005.865</b>
<b>Séreignarlíkan - bílskúr</b>				
Gólfklæðning - steipt gólf	44.7	m <sup>2</sup>	7.885	352.477
Klæðning timburlofta	44.7	m <sup>2</sup>	8.432	376.929
Gólfniðurföll	2.0	stk	23.078	46.157
Raflagnir, ljósa- og tenglastaðir	7.0	stk	18.487	129.226
Fjármagnskostnaður	1.0	%	40.715	40.715
<b>Samtals:</b>				<b>945.504</b>
<b>Heildarendurstofnverð:</b>				<b>52.767.397</b>

Byggingarkostnaður er því rúmlega 235.000 kr. á fermetra. Eftir að endurstofnverð á viðkomandi húsi hefur verið reiknað er hægt að afskrifa það, út frá aldri og viðhaldseinkunn. Þannig er afskrifað endurstofnverð (AEST) ákvarðað fyrir hús í kostnaðarmati. Loks er bruna-bótamat ákvarðað, en það er gert með því að bæta við kostnaði við hreinsun brunarústa (áætlað sem 10% af ESTi) við AESTið.

## 4 Vélmat

Matsaðferð vélmats er kostnaðarmat byggt á samanburði við viðmiðunarahús. Uppruni matsins er frá 1977 og voru viðmiðunarahúsin kostnaðarmetin af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Hagstofu Íslands. Í dag eru öll viðmiðunarahúsin kostnaðarmetin af Þjóðskrá Íslands og hafa verið það frá 2011. Verklýsingar módelhúsa sýna þær forsendur sem kostnaðarmatið er byggt á.

Vélmat er notað við mat á íbúðarhúsum og bílskúrum án skráningartöflu. Þrjú reiknilíkön eru lögð til grundvallar. Þessi líkön lýsa stöðluðum tegundum bygginga, en þau eru: fjölbýlishús, einbýlishús og bílskúrar. Verðgrunnur þessara líkana er úr kostnaðarmatskerfinu.

Hverju húsi er skipt upp í byggingarhluta í samræmi við þessi þrjú viðmiðunarlíkön. Þessir byggingarhlutar eru: undirbygging, útveggir, innveggir, gólfplötur, stigar, þak, gluggar, útihurðir, frágangur veggja úti, frágangur veggja inni, frágangur gólfa, frágangur stiga, frágangur lofta, fastar innréttingar, innihurðir, sérstigar, gufubað, arinn, lyfta, hreinlætisbúnaður, frárennslislagnir, neysluvatnslagnir, hitalögn, rafloagn, sérstakur búnaður, bílskúrshurðir og ýmiss kostnaður. Í viðbót við kostnað þessara byggingarhluta er endurstofnverðið margfaldað með ákveðnum stuðli til að mæta fjármagnskostnaði.

Liðir sem vélmat nær ekki beint til eru liðir sem ekki koma fyrir í vísitöluhúsunum, eins og t.d. skjólveggir, sólpallar, verandir, útitröppur, heitir pottar, listskreytingar, öryggiskerfi, stór þakskyggni, vélræn loftræsting og fleira. Þó er hægt að ná þessum kostnaði inn í endurstofnverð með sérstökum stuðlum.

Matið myndast með því að margfalda einingaverðið með stærð byggingarhluta viðkomandi húss. Gæða- og efnisstuðlar lýsa frávikum hvers byggingarhluta frá vísitöluhúsinu. Magntölur byggingarhluta eru annars vegar magnteknar beint eða áætlaðar út frá grunnstærðum, t.d. er flatarmál innveggja áætlað út frá grunnfleti og þakflötur er áætlaður 5% stærri en flatarmál stærstu hæðar. Ekki er hægt að breyta þeim magntölum sem líkönin áætla.

Árlega er endurstofnverð á vélmatshúsum endurreiknað. Einingaverði hvers byggingarhluta er þá breytt eins og það hefur breyst í því húsi sem lagt er til grundvallar. Endurstofnverðið er því endurreiknað árlega frá grunni, en framreiknað milli mánaða með byggingarvísitölu Hagstofunnar.

### 4.1 Fjölbýlishúsamódel

Viðmiðunarfjölbýlishúsið er eitt endastigahús af þremur í fjögurra hæða íbúðablokk. Í stigahúsi þessu eru 10 íbúðir: þrjár 2ja herbergja, þrjár 3ja herbergja og fjórar 4ra herbergja. Flatarmál hússins er 240 m<sup>2</sup> og rúmmálið 2.844 m<sup>3</sup>. Bifreiðageymslur fylgja ekki húsinu. Lýsing á frágangi fjölbýlishússins er upprunin frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins frá 1977, en hefur verið uppfærð með tilliti til nýrra byggingaraðferða. Byggingarkostnaðarmatið skiptist í eftirfarandi byggingarhluta og miðast einingaverð við verðlag í janúar 2013.

#### 4.1.1 Undirbygging

Í þessum flokki felst allur kostnaður við að gera undirstöðu húss að botnplötu meðtalinni. Að auki kemur til öll jarðvinna, gröftur og fyllingar vegna undirstöðu hússins og allar lagnir innan marklína sem hugsast dregnar tvo metra fyrir utan sökklá byggingarinnar.

<i>Gröftur og fyllingar</i>	Grafið er fyrir undirstöðum hússins niður á mól eða klöpp, minnst 50 cm niður fyrir yfirborð gólfplötu. Fyllt er inn í grunn með frostþolinni og þjappaðri mól í 30 cm lögum og þjappað vandlega. Meðfram og yfir jarðvatnslögnum er fyllt með harpaðri mól, en umhverfis lokaðar holræsapípur er minnst 20 cm sandfylling. Að öðru leyti er fyllt að sökklum og kjallaraveggjum með grús.
<i>Sökklar</i>	Sökkulveggir og botnplata eru steipt úr C25. Platan er ójárnbent og í veggjum eru aðeins samfelld langjárn efst og neðst (Ks 40), auk tengijárna. Öll mótavinna er hefðbundin (byggingartimbur og mótavír). Undir gólfplötu er lagður 0,2 mm plastdúkur og á hann 50 mm einangrunarplast ( $22 \text{ kg/m}^3$ ).
<i>Lagnir í grunn</i>	Allar frárennislagnir eru PVC plastpípur. Brunnar (2 stk) eru úr forsteiptum hringjum og keilum, með steiptum lokum. Frárennislíkerfið er tvöfalt. Annars vegar er þökkuð holræsalögn, og hins vegar hálfþökkuð regnvatns- og jarðvatnslögn. Vatnslögn er úr plasti (PEH).

Magn er fermetrar stærstu hæðar.

Verð á fermetra stærstu hæðar:  $42.210 \text{ kr/m}^2$ .

#### 4.1.2 Yfirbygging

##### Útveggir

Í þessum lið er kostnaður við gerð útveggja, reiknaður frá botnplötu upp að þaki. Ennfremur nær þessi liður til allrar vinnu og efnis við einangrun útveggja frá botnplötu að þaki.

Útveggir eru steiptir úr C25 og bentir með tvöfaldri grind Ks 40. Mót eru stálmót. Þykkt útveggja er 20 cm og þeir eru einangraðir með 75 mm frauðplasti ( $16 - 18 \text{ kg/m}^3$ ).

Magn er heildarflatarmál útveggja (með gluggum og hurðum), meðalummal  $\times$  meðalhæð.

Verð á fermetra útveggja:  $13.094 \text{ kr/m}^2$ .

##### Innveggir

Kostnaður við gerð innveggja í vísitöluhúsinu kemur undir þennan lið, þ.e. steiptir innveggir, hlaðnir innveggir og timburveggir. Steiptir innveggir (C25) eru ójárnbentir með einfaldri grind (Ks 40). Skilveggir milli herbergja eru hlaðnir úr 7 cm gjallplötum. Léttir trégrindarveggir eru úr  $38,5 \times 75 \text{ mm}$  furu c/c 60 cm, sem klæddir eru með 12 mm venjulegum spónaplötum. Plötur eru límdar og negldar á grind. Léttir tréveggir eru við eldhús í íbúðum og í sameign 1. hæðar.

Verð á fermetra heildargólfplatar:  $8.429 \text{ kr/m}^2$ .

Verð á fermetra séreignagólfplatar: 4.981 kr/m<sup>2</sup>.

### **Gólfplötur**

Þessi liður nær til alls kostnaðar við gerð gólfplatna og svalagólfa, sem eru fyrir ofan botnplötu, þar með talinn uppsláttur, niðurrif, hreinsun, járnalögn og steypuvinna. Steypu- og stálgæði eru þau sömu og í útveggjum.

Magnatala er heildarflatarmál hæða og svala að frádraginni neðstu hæð.

Verð á fermetra gólfa og svala: 10.714 kr/m<sup>2</sup>.

### **Stigar**

Í þessum lið er talinn kostnaður við gerð stiga og stigapalla, þ.e. uppsláttur, niðurrif, hreinsun, járnalögn og steypuvinna. Steypu- og stálgæði eru þau sömu og í útveggjum.

Magn er fjöldi hæða (með kjallara) mínus einn.

Verð á hvern stiga milli hæða: 321.249 kr/stk.

### **Þak**

Þessi liður nær til kostnaðar við gerð þaks með þakrennum, niðurföllum, steyptri loftplötu, smíði gaffveggja og smíði veggja ofan efstu plötu. Öll einangrun í þakrými telst til þessa liðar þ.e.a.s. rakavörn, vindvörn o.fl. Í þessum lið er einnig allur frágangur þaks.

Þak er risþak úr timbri ofan á steyptri plötu. Sperrur þakviða eru 50×125 mm og millibil c/c 82 cm. Sperrur eru steyptar fastar í útvegg og festar niður með lykkjum, sem ná 50 cm ofan í steypuna. Þeir hlutar sperra, sem steypst er að, eru fúavarðar. Í stólum undir sperrum er 50×100 mm, sem laskast við sperrur og neglast í reimar. Í þakklæðningu eru notuð furuborð 25×150 mm. Hvert borð er neglt í hverja sperru með 3 stk. galv. nöglum. Þak er þéttklætt. Reimar eru járnaðar niður í plötu með 8 mm sléttu stáli (St 37). Þakjárn BWG-24 málað.

Magn er flatarmál stærstu hæðar × 1,05.

Verð á fermetra þaks: 37.195 kr/m<sup>2</sup>.

### **Gluggar**

Þessi liður nær til smíði, ísetningu og meðferð glugga, glers og annarra nauðsynlegra fylgihluta. Karmar og opnanleg fög eru úr húspurri furu, fúavarinni. Gluggakarmar eru steypdir í útveggi. Allt gler er tvöfalt K-gler. Öll opnanleg fög eru topphengd á koparlamir. Einnig eru viðurkennd stormjárn og viðurkenndar gluggakrækjur, þ.e. krómhúðaðar.

Glerísetning er þannig: Gluggakarmar eru olíumálaðir að innan, en fúavarnarefni borið á þá að utan.

Verð á fermetra sameignargólfa: 23.013 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignargólfa: 9.597 kr/m<sup>2</sup>.



## Útihurðir

Hér er talinn allur kostnaður við smíði og ísetningu útihurða, ásamt einangrun og klæðningu á útihurðaeiningum og allir fylgihlutir. Inngangshurðir eru úr Oregon pine settar í eftirá. Svalahurðir eru einnig úr Oregon pine með gleri. Svalahurðir koma í furukarma sem tilheyra gluggum. Á hverri svalahurð eru 3 stk. koparlamir á kúlulegum. Einnig kemur skrá á svalahurð, sem lokar hurð að ofan og neðan. Á hverri útihurð eru 4 stk. 6" koparlamir með kúlulegum. Útihurðir eru ekki málaðar, heldur litaðar með fúavarnarefni.

Verð á hverja útihurð: 258.395 kr/stk.

## Bílskúrshurðir

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Hurð úr furupanil, fúavörð og lituð. Hurðin er einangruð og bakhliðin er krossviðarklædd. Bílskúrshurðarjárn eru af vandaðri tegund. Húnn og skrá eru á hurðinni.

Magntala er fjöldi skúra.

Efnisliðir eru 68%.

Líftími er áætlaður 30 ár.

Verð á hvern skúr: 511.509 kr/stk.

### 4.1.3 Frágangur ytri byggingar

#### Frágangur veggja úti

Allur kostnaður við frágang á útiveggjum, þ.e. múrverk og málning, er færður undir þennan lið. Utanhúss eru steyptir fletir múrhúðaðir. Síðan eru fletirnir málaðir þrjár yfirferðir.

Magn er fermetrar útveggja með gluggum og hurðum (ummál × meðalhæð).

Verð á fermetra útveggja: 4.507 kr/m<sup>2</sup>.

#### Frágangur veggja inni

Þessum lið tilheyrir allur kostnaður við fullnaðarfrágang veggja innanhúss, þ.e. múrhúðun á einangrun, múrhúðunarnet, múrhúðun hlaðinna veggja, málun og uppsetning flísa. Allir steyptir veggir innanhúss eru múrhúðaðir og málaðir. Veggir á baði og milli skápa í eldhúsi eru flísalagðir með keramik veggflísum 15×15 cm. Trégrindarveggir eru klæddir með gipsplötum og málaðir.

Verð á fermetra sameignargólfplatar: 13.265 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignargólfplatar: 22.689 kr/m<sup>2</sup>.

#### Frágangur gólfa

Í liðnum fellst allur kostnaður við fullnaðarfrágang gólfa, þar með talinn kostnaður við hreinsun, flögn, málun, dúka- og teppalögn. Lagt er 4 cm ílag af múrblöndu í öll gólf. Lineoleum (B-þykkt) gólfdukur er á flestum herbergjum hveggjar íbúðar. Í eldhúsum, þvottahúsum og böðum er gert ráð fyrir plastdúk (vinyl). Beykilistar eru notaðir þar sem linoleum er á gólfum, en

plastlistar þar sem um vinylgólfduki er að ræða. Á stofum eru ullarteppi og er miðað við notkun undirleggs. Venjulegt (ekki vatnshelt) lím er notað við límingu plastdúks. Plastgólflistar eru 5 cm breiðir. Gólflistar eru límdir með jötungripi. Blettaspartlað er undir linoleum og plastdúk. Gólf í sameign eru hreinsuð, grunuð og máluð eina yfirferð.

Verð á fermetra sameignargólfplatar: 7.919 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignargólfplatar: 20.463 kr/m<sup>2</sup>.

### **Frágangur stiga og stigapalla**

Líðurinn nær til alls kostnaðar við fullnaðarfrágang stiga og stigapalla, þ.e. alls frágangs á uppstigi, framstigi, köntum og handriði. Á stiga og stigapalla er lagt 4 cm ílag af múr. Fletirnir eru síðan lagðir nylontoppum, sem eru límd. Notuð er meðalvara á milli ofinna teppa og filtteppa. Handrið er úr jární, en handriðalisti úr plasti. Múrhúðað er og málað neðan á stigabök og stigapalla.

Magn er fjöldi hæða (með kjallara) mínus einn.

Verð á stiga milli hæða: 800.325 kr/stk.

### **Frágangur lofta**

Þessi líður spannar allan kostnað við frágang lofta í byggingunni, þ.e. kostnað við múrverk og málun. Öll loft eru röppuð, slétthúðuð og fínhúðuð. Loftin eru grunuð og tvímáluð með plastmálningu.

Verð á fermetra sameignargólfplatar: 9.317 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignargólfplatar: 9.252 kr/m<sup>2</sup>.

#### **4.1.4 Innréttingar**

##### **Fastar innréttingar**

Þessum líð tilheyrir allur kostnaður við innréttingar í húsið, þ.e. við fataskápa, eldhúsinnréttingu, innréttingu í þvottahúsi, geymslu o.fl. Eldhúsinnréttingar eru staðlaðar innréttingar með rammahurðum úr eik. Borðplötur eru plastlagðar. Fataskápar eru staðlaðir spónalagðir skápar með beyki- og eikarspón. Sömu kröfur gilda um frágang fataskápa og um eldhúsinnréttingu.

Verð á lengdarmetra innréttinga í sameign: 113.479 kr/lm.

Verð á lengdarmetra innréttinga í séreign: 134.827 kr/lm.

##### **Innihurðir**

Í þessum líð felst allur kostnaður við smíði og uppsetningu innihurða, ásamt öllum fylgihlutum, þ.e. körmum, þröskuldum, járnnum og fleira. Hurðirnar eru með eikarpanelspón.

Verð á hverja innihurð í sameign: 63.987 kr/stk.

Verð á hverja innihurð í séreign: 100.026 kr/stk.

## Sérstigir

Léttir einfaldir stigir milli hæða.

Verð á hvern sérstiga: 765.586 kr/stk.

## Gufubað

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð.. Gufubað fyrir 4-6 manns. Flatarmál  $2,09 \times 2,09$  eða  $5,4 \text{ m}^2$  og rúmmál  $8,7 \text{ m}^3$ . Grind er úr húsþurri heflaðri furu. Einangrun er 50 mm steinull og rakavörn er þolplast. Klætt innan með furupanel  $15 \times 110$  mm, skrúfað með koparskrúfum. Framhlið að utan er klædd plasthúduðum spónaplötum. 3 stk. þakventlar. Ofn er 7,5 kW með hitastilli.

Verð á hvert gufubað: 672.167 kr/stk.

## Arinn

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Uppsteyptur arinn af einfaldri gerð með einu eldhólfi og engin hólfi fyrir eldivið. Arininn er hraunmálaður og án arinhillu.

Verð á hvern arinn : 484.836 kr/stk.

## Lyfta

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð.

Verð lyftu fyrir hverja hæð: 3.207.185 kr/hæð.

### 4.1.5 Útbúnaður

#### Hreinlætisbúnaður

Undir þennan lið falla öll útgjöld við hreinlætistæki í húsinu, þ.e. baðker, handlaugar, salerni og fylgihlutir þeirra. Handlaugar og vatnssalerni eru úr hvítu, brenndu postulíni. Salerni eru með lágskolandi skolkössum með setum úr harðplasti. Festingar fyrir handlaugar eru krómaðir vinklar úr smíðajárni. Vatnslásar handlauga eru með innbyggðu botnlöki. Baðkór eru úr stáli, hvítemaleruðu. Stærð er ca.  $70 \times 168$  cm. Baðkór eru innmúruð og standa á fótum. Botnstykki baðkars eru með lyftitappa. Eldhúsvaskar eru einfaldir með áföstu stálbörði. Vaskar eru úr ryðfríu stáli. Skolvaskar í þvottahúsum eru úr plasti með botnventli, tappa og keðju. Öll tilheyrandi blöndunartæki eru algeng gerð.

Verð á hverja aftöppunareiningu: 45.810 kr/einingu.

#### Frárennslislagnir

Hér er talinn allur kostnaður við lögna á frárennsliskerfi hússins frá botnplötu að tækjum. Allar frárennslislagnir ofan botnplötu eru úr plasti, polypropylene, með gúmmíþéttingum.

Magn er rúmmetrar húss.

Verð á hvern rúmmetra: 191 kr/ $\text{m}^3$ .

## Neysluvatnslagnir

Þessi liður nær til alls kostnaðar fyrir heitt og kalt neysluvatn frá mælum og inntaksloka að kranatengjum. Allar neysluvatnslagnir ofan botnplötu eru úr galvanhúðuðum stálpípum, einangraðar með glerullarhólkum. Hitaveituvatn er notað beint sem neysluvatn.

Magn er rúmmetrar húss.

Verð á hvern rúmmetra: 555 kr/m<sup>3</sup>.

## Hitalögn

Til þessa liðar telst allur kostnaður við hitaveitulögn frá stofnhana til og með frárennslispípu. Til upphitunar er notað heitt vatn frá Orkuveitu Reykjavíkur. Hitagjafar eru venjulegir stálofnar, sem tengdir eru með tveggjarörakerfi. Leiðslur eru úr svörtum stálpípum, einangraðar með glerullarhólkum. Ofnkranar eru með sjálfvirkri hitastýringu.

Verð á fermetra heildargólfplatar: 2.735 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignagólfplatar: 3.574 kr/m<sup>2</sup>.

## Raflögn

Hér er tilgreindur allur kostnaður við raflögn húss frá inntakskassa að ljósastæðum og vélum með rofum og tenglum og föstum lögnum. Öll rör og dósir eru úr plasti og leggjast í steypu, en síðan er dregið í á venjulegan hátt. Allur rafbúnaður, svo sem töflur, töflukassar, tenglar og rofar eru af algengri gerð. Ljós í eldhús, bað og þvottahús eru af algengri gerð. Einn rakvélartengill er í hverju baðherbergi.

Verð á fermetra sameignargólfplatar: 9.180 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignagólfplatar: 7.855 kr/m<sup>2</sup>.

## Sérstakur búnaður

Til þessa liðar telst allur kostnaður við símalögn, loftnet og magnara, loftræstikerfi og sorprennu. Loftnetskerfi fyrir sjónvarp er í húsinu, með einum tengli í hverri íbúð. Þá er einnig dyrasímakerfi með talfæri í hverri íbúð og rafskrá í útihurð. Einnig er bjöllukerfi í hverri íbúð með bjölluhnappi í stigagangi. Lögð er pípulögn fyrir síma. Ein sorpredda með sorplúgu á hverri hæð er í stigaganginum.

Verð á hverja íbúð (sameign): 65.593 kr/íbúð.

Verð á hverja íbúð (séreign): 20.713 kr/íbúð.

### 4.1.6 Ytri frágangur

Þessum lið tilheyrir í útreikningi viðmiðunarhússins allur kostnaður við framkvæmdir á lóð, þ.e. lögn á heimæðum, gerð bílastæða, leiksvæða, gangstétta og grassvæða. Þessum lið er sleppt í vélmati þ.e. þessi kostnaður er ekki tekinn með í húsmat, en hugsaður sem hluti lóðarmats.

#### 4.1.7 Ýmiss kostnaður

Til þessa liðar er skráður allur kostnaður sem ekki er hægt að telja beint til liðanna hér að framan. Opinberum gjöldum er sleppt. Innifalið í þessum lið eru: Vinna við verkstjórn (1.800 klst.), vinna verkamanna (473 klst.) og vinna húsmiða (293 mæliein), akstur sendibíla, akstur fólksbifreiða, vinnuskúr (30 m<sup>2</sup>), verkfærageymsla (15 m<sup>2</sup>), verkfæri skv. sérstakri at-hugun, byggingarplast (380 m<sup>2</sup>), rafmagn til húsa í byggingu (10.200 kWh), heitt vatn frá Orkuveitu Reykjavíkur (4.500 m<sup>3</sup>), teikningar og opinber gjöld skv. sérstökum útreikningi (gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, skipulagsgjald, heimæðargjald hitaveitu, heimtaugar-gjald rafmagns, iðgjald af brunatryggingu húss í smíðum og gjald fyrir vatns- og skolplögn að lóð).

Magn er heildarrúmmetrar húss.

Verð á hvern rúmmetra: 10.448 kr/m<sup>3</sup>.

#### 4.1.8 Fjármagnskostnaður

Ofan á alla ofangreinda liði er lagt fast álag 6,0% til að mæta fjármagnskostnaði. Innifalið í því eru vextir á byggingartíma, vextir vegna skammtímafjármögnunar og öflun veðleyfa.

#### 4.1.9 Viðmiðunarlíkan fyrir fjölbýlishús í vélmati

Í 10. töflu má sjá heildarkostnað byggingarhluta í viðmiðunarlíkani fyrir fjölbýlishús í vélmati. Hægt er að sjá bæði heildarkostnað byggingarhluta sem og efniskostnað hvers byggingarhluta. Einnig má sjá verðið eins og það var eftir endurmat 2012 og hversu mikil breyting hefur orðið. Fjármagnskostnaður er ekki tekinn með í töflunni.

10. tafla. Kostnaðarmetið verð byggingarhluta fyrir viðmiðunarlíkan fjölbýlishúsa í vélmati

Byggingarhluti	Heild	Efni	Heild	Efni	Hækkun
	2012 (kr.)	2012 (kr.)	2013 (kr.)	2013 (kr.)	heild (%)
<b>Undirbygging</b>	9.659.475	4.669.225	9.898.349	4.511.390	2,5
<b>Yfirbygging</b>					
Útveggir	10.192.379	5.776.250	9.972.492	5.302.040	-2,2
Innveggir	11.745.787	6.358.693	11.783.798	6.108.860	0,3
Gólfplötur	8.269.314	4.762.174	8.135.069	4.425.730	-1,6
Stigar	1.007.121	442.689	963.746	372.620	-4,3
Þak	8.950.665	5.535.643	9.321.063	5.713.402	4,1
Gluggar	10.701.756	5.992.687	11.718.683	6.806.883	9,5
Útihurðir	3.044.551	1.446.499	3.100.734	1.434.119	1,8
Bílskúrshurðir*	2.873.936	1.921.201	3.069.056	2.075.457	6,8
<b>Frágangur ytri byggingar</b>					
Frágangur veggja úti	3.296.671	1.057.005	3.432.689	1.100.762	4,1
Frágangur veggja inni	19.591.753	8.344.037	19.744.477	8.035.395	0,8
Frágangur gólfa	12.689.449	7.959.411	17.024.889	12.128.088	34,2
Frágangur stiga	2.095.330	615.486	2.400.976	858.141	14,6
Frágangur lofta	8.072.579	5.195.977	9.014.108	6.018.718	11,7
<b>Innréttingar</b>					
Fastar innréttingar	13.747.522	12.180.733	14.184.895	12.550.777	3,2
Innihurðir	7.139.844	5.861.188	6.825.315	5.491.710	-4,4
Sérstigar*	711.369	415.146	765.586	456.705	7,6
Gufubað*	727.630	641.199	672.167	582.021	-7,6
Arim*	502.368	220.095	484.836	188.545	-3,5
Lyfta*	12.601.689	11.295.606	12.828.738	11.499.123	1,8
<b>Útbúnaður</b>					
Hreinlætisbúnaður	5.438.617	4.982.398	5.863.654	5.387.671	7,8
Frárennslislagnir	500.192	238.095	539.852	266.400	7,9
Neysluvatnslagnir	1.545.243	984.484	1.569.536	984.484	1,6
Hitalögn	4.630.595	3.383.407	5.306.315	4.005.097	14,6
Raflögn	7.657.488	3.230.842	7.723.464	3.258.505	0,9
Sérstakur búnaður	855.715	637.891	863.060	643.366	0,9
<b>Ýmiss kostnaður</b>	26.903.407	6.613.897	29.556.891	7.213.139	9,9
<b>Samtals:</b>	<b>177.735.453</b>		<b>188.944.056</b>		<b>6,3</b>

\*Byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu og kemur ekki fram í samtalsstólum.

## 4.2 Einbýlishúsamódel

Viðmiðunareinbýlishúsið er á einni hæð með áfastri bifreiðageymslu. Íbúðin er fjögur svefnherbergi. Tvær samlægar stofur, sjónvarpsherbergi, eldhús og bað, anddyri og forstofa. Bílskúrin rúmar tvo bíla. Þar er jafnframt geymsla, föndurherbergi, þvottahúskrókur og sorpgeymsla. Flatarmál íbúðar er 142 m<sup>2</sup> og bifreiðageymslu 60 m<sup>2</sup>. Heildarrúmmál er 617 m<sup>3</sup>. Lóðin er 840

m<sup>2</sup> með sólgarði mót suðri. Lýsing á frágangi einbýlishússins er upprunin frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins frá 1983, en hefur verið uppfærð með tilliti til nýrra byggingaraðferða. Byggingarkostnaðarmatið skiptist í eftirfarandi byggingarhluta og miðast einingaverð við verðlag í janúar 2013.

#### **4.2.1 Undirbygging**

Kostnaður við gröft, fyllingu, sökkla, botnplötu og lagnir í grunn, þ.m.t. regnvatnslagnir. Verð á fermetra stærstu hæðar: 39.782 kr/m<sup>2</sup>.

#### **4.2.2 Yfirbygging**

##### **Útveggir**

Steyptur 18 cm C25 og einangraður með 75 mm plasteinangrun. Verð á fermetra útveggja: 12.442 kr/m<sup>2</sup>.

##### **Innveggir**

Steyptir, hlaðnir og timbur innveggir. Magn er heildargólfflatarmál fyrir sameign og flatarmál einstakra séreigna. Verð á fermetra húss: 11.449 kr/m<sup>2</sup>.

##### **Gólfplötur**

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Steyptar berandi gólfplötur C25 (sbr. fjölb.), svalir meðtaldar. Magntala er heildarflatarmál hæða og svala, að frádreginni neðstu hæð. Verð á fermetra gólfa og svala - neðsta hæð: 10.714 kr/m<sup>2</sup>.

##### **Stigar**

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Kostnaður við gerð steyptra stiga (sbr. fjölb.). Salarhæð er 2,7 m. Magn er fjöldi hæða (með kjallara) mínus einn. Verð á hvern stiga milli hæða 321.249 kr/stk.

##### **Þak**

Risþak úr timbri á steyptri loftplötu, en 1/3 er venjulegt sperruþak. Magn er flatarmál stærstu hæðar × 1,05. Verð á fermetra þaks: 31.483 kr/m<sup>2</sup>.

## Gluggar

Furugluggar með tvöföldu verksmiðjugleri.

Verð á fermetra sameignargólfplatar: 5.365 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignagólfplatar: 12.847 kr/m<sup>2</sup>.

## Útihurðir

Allar hurðir úr Oregon pine, ein útihurð með hliðargluggum, ein panelhurð, ein svalahurð, tvær bílskúrshurðir og ein sorpgeymsluhurð.

Magn er fjöldi hurða.

Verð á hverja útihurð: 412.251 kr/stk.

## Bílskúrshurðir

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Hurð úr furupanil, fúavörð og lituð. Hurðin er einangruð og bakhliðin er krossviðarklædd. Bílskúrs-hurðarjárn eru af vandaðri tegund. Húnn og skrá eru á hurðinni.

Magntala er fjöldi skúra.

Efnisliðir eru 68%.

Líftími er áætlaður 30 ár.

Verð á hvern skúr: 511.509 kr/stk.

### 4.2.3 Frágangur ytri byggingar

#### Frágangur veggja úti

Allir steyptir fletir eru múraðir og síðan grunnaðir. Því næst eru þeir málaðir með tveimur umferðum af hraunmálningu. Magn er fermetrar útveggja með gluggum og hurðum (ummál × meðalhæð).

Verð á fermetra útveggja: 4.773 kr/m<sup>2</sup>.

#### Frágangur veggja inni

Steyptir og hlaðnir veggir eru múrhúðaðir, nema stofuveggir og veggir í húsbóndaherbergi, sem eru að nokkru leyti klæddir lökkuðum eikarþiljum. Veggir í baðherbergi og milliskápar í eldhúsi eru lagðir keramikflísum. Aðrir veggir eru málaðir.

Verð á fermetra sameignargólfplatar: 8.384 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignagólfplatar: 23.707 kr/m<sup>2</sup>.

#### Frágangur gólfa

Lögð er 5 cm múrílög í öll gólf. Vinyldúkur er á anddyri, baði, eldhúsi og barnaherbergi. Teppi eru á stofu, sjónvarps-, hjóna- og húsbóndaherbergi, sem og forstofu. Gólf í föndurherbergi, geymslu og bílskúr eru máluð. Verð á fermetra sameignargólfplatar: 3.304 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignagólfplatar: 14.115 kr/m<sup>2</sup>.



### **Frágangur stiga og stigapalla**

Frágangur stiga (sbr. fjölb.).

Magn er fjöldi hæða (með kjallara) mínus einn.

Verð á hvern stiga milli hæða: 800.325 kr/stk.

### **Frágangur lofta**

Öll loft eru múruð og máluð, nema í bílskúr, þar sem er málað tréloft.

Verð á fermetra sameignargólfflatar: 7.094 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignagólfflatar: 8.993 kr/m<sup>2</sup>.

## **4.2.4 Innréttingar**

### **Fastar innréttingar**

Allar innréttingar eru keyptar tilbúnar. Allir sýnilegir fletir innréttinga eru spónlagðir. Eldhúsinnréttingar og fataskápar eru smíðuð í stöðluðum einingum.

Verð á lengdarmetra innréttinga í sameign: 42.633 kr/m.

Verð á lengdarmetra innréttinga í séreign: 145.539 kr/m.

### **Innihurðir**

Hurðir með eikarspæni.

Verð á hverja innihurð: 45.359 kr/stk.

### **Sérstigir**

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarrhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Léttir einfaldir stigir milli hæða.

Magn er fjöldi sérstiga.

Verð á hvern sérstiga: 765.586 kr/stk.

### **Gufubað**

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarrhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Gufubað fyrir 4-6 manns sbr. fjölbýlishúsamódel.

Magn er fjöldi gufubaða.

Verð á hvert gufubað: 672.167 kr/stk.

### **Arinn**

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarrhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Uppsteyptur arinn af einfaldri gerð sbr. fjölbýlishúsamódel.

Magn er fjöldi arna.

Verð á hvern arinn: 484.836 kr/stk.

## **Lyfta**

Þessi byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu en er samt mögulegur við matsgerð. Samanber fjölbýlishúsamódel.

Magn er fjöldi hæða.

Verð lyftu fyrir hverja hæð: 320.7185 kr/hæð.

## **4.2.5 Útbúnaður**

### **Hreinlætistæki**

Hreinlætistæki og fylgihlutir þeirra, ásamt vinnu við tengingu.

Verð á hverja aftöppunareiningu: 41.525 kr/einingu.

### **Frárennslislagnir**

Hér er talinn allur kostnaður við lögn frárennsliskerfis hússins frá botnplötu að tækjum.

Magn er rúmmetrar húss.

Verð á hvern rúmmetra: 44 kr/m<sup>3</sup>.

### **Neysluvatnslagnir**

Kostnaður við lögn fyrir heitt og kalt neysluvatn, frá mælum og inntaksloka að kranatengjum.

Magnatala er rúmmetrar húss.

Verð á hvern rúmmetra: 327 kr/m<sup>3</sup>.

### **Hitalögn**

Kostnaður við hitalögn, frá stofnhana til og með frárennslispípu.

Verð á fermetra heildargólfplatar: 917 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignagólfplatar: 8.249 kr/m<sup>2</sup>.

### **Raflögn**

Allur kostnaður við raflögn húss frá inntaki að ljósastæðum og vélum, með rofum og tenglum og föstum lögnum.

Verð á fermetra sameignargólfplatar: 6.291 kr/m<sup>2</sup>.

Verð á fermetra séreignagólfplatar: 8.900 kr/m<sup>2</sup>.

### **Sérstakur búnaður**

Sjónvarpsloftnetskerfi og bjöllumkerfi.

Verð á hverja íbúð: 183.398 kr/íbúð.

#### 4.2.6 Ytri frágangur

Þessum lið tilheyrir í útreikningi vísitöluhússins allur kostnaður við framkvæmdir á lóð, þ.e. lögn á heimæðum, gerð bílastæða, leiksvæða, gangstétta og grassvæða. Þessum lið er sleppt í vélmati þ.e. þessi kostnaður er ekki tekinn með í húsmat, en hugsaður sem hluti lóðarmats.

#### 4.2.7 Ýmiss kostnaður

Allur kostnaður sem ekki er hægt að telja beint til liðanna hér að framan. Opinberum gjöldum er sleppt Innifalið í þessum lið er: Vinna verkstjóra (300 klst.), vinna verkamanna (206 klst.), vinna húsasmiða (56 mæliein.), akstur sendibíla, akstur fólksbílfreiða, vinnuskúr (30 m<sup>2</sup>), verkfærageymsla (15 m<sup>2</sup>), verkfæri skv. sérstakri athugun, byggingarplast (110 m<sup>2</sup>), rafmagn til húsa í byggingu (3.200 kWh), heitt vatn (410 m<sup>3</sup>) og teikningar.

Undanskilin í þessum lið eru opinber gjöld skv. sérstökum útreikningi rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins (gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, skipulagsgjald, heimaæðargjald hitaveitu, heimataugargjald rafmagns, iðgjald af brunatryggingu húss í smíðum og gjald fyrir vatns- og skolplögn að lóð).

Magn er heildarrúmmetrar húss.

Verð á hvern rúmmetra: 12.634 kr/m<sup>3</sup>.

#### 4.2.8 Fjármagnskostnaður

Ofan á alla ofangreinda liði er lagt fast álag 4,5% til að mæta fjármagnskostnaði. Innifalið í því eru vextir á byggingartíma, vextir vegna skammtímafjármögnunar og öflun veðleyfa.

#### 4.2.9 Viðmiðunarlíkan fyrir einbýlishús í vélmati

Í 11. töflu má sjá heildarkostnað byggingarhluta í viðmiðunarlíkani fyrir einbýlishús í vélmati. Hægt er að sjá bæði heildarkostnað byggingarhluta sem og efniskostnað hvers byggingarhluta. Einnig má sjá verðið eins og það var eftir endurmat 2012 og hversu mikil breyting hefur orðið. Fjármagnskostnaður er ekki tekinn með í töflunni.

11. tafla. *Kostnaðarmetið verð byggingarhluta fyrir viðmiðunarlíkan einbýlishúsa í vélmati*

Byggingarhluti	Heild 2012 (kr.)	Efni 2012 (kr.)	Heild 2013 (kr.)	Efni 2013 (kr.)	Hækkun heild (%)
<b>Undirbygging</b>	7.716.081	3.542.439	8.035.969	3.466.416	4,1
<b>Yfirbygging</b>					
Útveggir	2.988.332	1.693.555	2.923.863	1.554.520	-2,2
Innveggir	1.866.324	1.052.851	1.625.826	771.385	-12,9
Gólfplötur*	8.269.314	4.762.174	8.135.069	4.425.730	-1,6
Stigar*	1.007.121	442.689	963.746	372.620	-4,3
Þak	6.435.675	4.031.922	6.677.552	4.147.979	3,8
Gluggar	1.920.173	1.156.599	2.146.162	1.349.716	11,8
Útihurðir	2.568.592	1.528.537	2.679.633	1.594.961	4,3
Bílskúrshurðir*	2.873.936	1.921.201	3.069.056	2.075.457	6,8
<b>Frágangur ytri byggingar</b>					
Frágangur veggja úti	1.077.285	345.407	1.121.733	359.706	4,1
Frágangur veggja inni	4.077.762	1.905.583	3.869.447	1.582.973	-5,1
Frágangur gólfa	2.281.373	1.320.220	2.202.582	1.201.338	-3,5
Frágangur stiga	2.095.330	615.486	2.400.976	858.141	14,6
Frágangur lofta	1.438.176	764.402	1.702.630	1.000.671	18,4
<b>Innréttingar</b>					
Fastar innréttingar	2.065.786	1.808.178	2.131.638	1.862.959	3,2
Innihurðir	476.458	395.572	453.586	369.224	-4,8
Sérstigar*	711.369	415.146	765.586	456.705	7,6
Gufubað*	727.630	641.199	672.167	582.021	-7,6
Arinn*	502.368	220.095	484.836	188.545	-3,5
Lyfta*	12.601.689	11.295.606	12.828.738	11.499.123	1,8
<b>Útbúnaður</b>					
Hreinlætisút búnaður	621.163	563.741	664.406	604.397	7,0
Frárennslislagnir	25.190	12.227	27.205	13.680	8,0
Neysluvatnslagnir	197.950	114.268	201.575	114.268	1,8
Hitalögn	1.613.441	1.207.876	1.851.539	1.428.405	14,8
Raflögn	1.627.196	686.545	1.641.216	692.424	0,9
Sérstakur búnaður	181.837	135.550	183.398	136.714	0,9
<b>Ymiss kostnaður</b>	6.878.491	2.070.790	7.795.469	2.585.788	13,3
<b>Samtals:</b>	<b>46.057.286</b>		<b>47.935.429</b>		<b>4,1</b>

\*Byggingarhluti er ekki í viðmiðunarhúsinu og kemur ekki fram í samtalsstólum.

### 4.3 Bílskúramódel

Viðmiðunarbílskúrin er bílskúralengja með sex einingum. Flatarmál bifreiðargeymslu 126,8 m<sup>2</sup>. Heildarrúmmál er 380 m<sup>3</sup>. Byggingarkostnaðarmatið skiptist í eftirfarandi byggingarhluta og miðast einingaverð við verðlag í janúar 2013.

### 4.3.1 Undirbygging

Grafið er 1 m. niður á fast, 0,5 m. út frá sökkulvegg að neðan og 1 m. að ofan. Uppgröftur er fjarlægður strax með venjulegri mokstursvél. Sökkull er steinsteyptur (C20) og járnbundinn. Notuð eru hefðbundin mót, þ.e. borðaviður og vír. Sökkullinn er vírhöggvinn og sementskvoðaður áður en fyllt er að honum. Fylling er þjöppuð grús. Gólfplata er steinsteypt (C20) og járnbundin. Undir plötu er 0,2 mm plastfilma.

Magntala er flatarmál grunnflatar.

Efnisliðir eru 39%.

Líftími er áætlaður 100 ár.

Verð á fermetra grunnflatar: 30.696 kr/m<sup>2</sup>.

### 4.3.2 Yfirbygging

#### Útveggir

Steinsteyptir og járnbentir. Notuð eru hefðbundin mót, borðaviður og vír. Útveggir eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun.

Magntala er flatarmál útveggja.

Efnisliðir eru 53%.

Líftími er áætlaður 100 ár.

Verð á fermetra útveggja: 12.099 kr/m<sup>2</sup>

#### Innveggir

Milliveggir milli hverra tveggja bílskúra eru hlaðnir úr 7×50×50 cm gjall milliveggjaplötum.

Magntala er flatarmál grunnflatar.

Efnisliðir eru 62%.

Líftími er áætlaður 80 ár.

Verð á fermetra grunnflatar: 5.905 kr/m<sup>2</sup>.

#### Þak

Þak er steyppt járnbent plata (C20). Plasteinangrun 75 mm er steyppt í með plötu.

Magntala er flatarmál grunnflatar.

Efnisliðir eru 55%.

Líftími er áætlaður 100 ár.

Verð á fermetra þaks: (Líkan 1) 12.242 kr/m<sup>2</sup>.

#### Gluggar

Karmar og opnanleg fög eru úr húsburri furu, fúavarinni. Gluggakarmar eru steypptir í útveggi. Allt gler er 1. flokks A gler. Öll opnanleg fög eru topphengd á koparlamir. Einnig eru viðurkennd stormjárn og viðurkenndar gluggakrækjur þ.e. krómhúðaðar. Gluggakarmar eru málaðir

að innan, en fúavarnarefni borið á þá að utan.

Magntala er fjöldi skúra.

Efnisliðir eru 55%.

Líftími er áætlaður 30 ár.

Verð á hvern skúr: 106.849 kr/stk.

### **Bílskúrshurðir**

Hurð úr furupanil, fúavörð og lituð. Hurðin er einangruð og bakhliðin er krossviðarklædd. Bílskúrshurðarjárn eru af vandaðri tegund. Húnn og skrá eru á hurðinni.

Magntala er fjöldi skúra.

Efnisliðir eru 68%.

Líftími er áætlaður 30 ár.

Verð á hvern skúr (líkan 1): 511.509 kr/stk.

### **Gönguhurð**

Hurðin er klædd lóðréttum furupanil, að utan og innan. Panillinn er fúavarinn og litaður. Á hurðinni eru krómaðir húnar, stál á hurð og þröskuldi og venjuleg skrá. Plastþéttlistar eru á hurðinni.

Magntala er fjöldi skúra.

Efnisliðir eru 49%.

Líftími er áætlaður 30 ár.

Verð á hvern skúr (líkan 1): 235.636 kr/stk.

### **4.3.3 Frágangur ytri byggingar**

#### **Frágangur veggja og þaks úti**

Veggir og þak eru grófmúruð. Veggir eru málaðir með tveimur umferðum af útiplastmálningu.

Magntala er flatarmál útveggja.

Efnisliðir eru 32%.

Líftími er áætlaður 40 ár.

Verð á fermetra útveggjaflatar: 4.165 kr/m<sup>2</sup>.

#### **Frágangur veggja inni**

Veggir eru grófmúraðir, ferniseraðir og málaðir með tveimur umferðum af plastmálningu.

Magntala er flatarmál útveggja.

Efnisliðir eru 43%.

Líftími er áætlaður 80 ár.

Verð á fermetra útveggjaflatar: 12.612 kr/m<sup>2</sup>.

### **Frágangur gólfa**

Venjuleg gólfíögn (4 cm), máluð með tveimur umferðum af epoxy lakki.

Magntala er flatarmál grunnflatar.

Efnisliðir eru 56%.

Líftími er áætlaður 60 ár.

Verð á fermetra grunnflatar (líkan 1): 2.843 kr/m<sup>2</sup>.

### **Frágangur lofta**

Loft eru grófmúruð, ferniseruð og máluð með tveimur umferðum af plastmálningu.

Magntala er flatarmál grunnflatar.

Efnisliðir eru 45%.

Líftími er áætlaður 80 ár.

Verð á fermetra grunnflatar: 11.638 kr/m<sup>2</sup>.

### **4.3.4 Útbúnaður**

#### **Frárennislagnir**

Allar lagnir í grunni eru úr steinsteytum rörum og eru pakkaðar með hampi. Reiknað er með einu gólfniðurfalli í hvern bílskúr. Neysluvatnslagnir eru innifaldar í þessum lið hjá bílskúrum. Reiknað er með einum töppunarstað í hvern bílskúr. Allar lagnir eru einangraðar með glerullarhólkum.

Magn er fjöldi bílskúra.

Efnisliðir frárennislagna og neysluvatnslagna er 51%.

Verð frárennislagna og neysluvatnslagna á hvern skúr: 189.246 kr/stk.

#### **Hitalögn**

Reiknað er með að hiti sé tekinn frá íbúðarhúsi. Ofnar eru frá Runtal og allar lagnir eru einangraðar með glerullarhólkum.

Magntala er flatarmál grunnflatar.

Efnisliðir eru 80%.

Líftími er áætlaður 50 ár.

Verð á fermetra grunnflatar: 6.947 kr/m<sup>2</sup>.

#### **Raflögn**

Lagnir eru lagðar skv. rafmagnsteikningum.

Magntala er flatarmál grunnflatar.

Efnisliðir eru 57%.

Líftími er áætlaður 50 ár.

Verð á fermetra grunnflatar: 8.125 kr/m<sup>2</sup>.

### **Sjálfvirkur hurðaðopnari**

Sjálfvirkur bílskúrshurðaðopnari.

Magntala er fjöldi skúra.

Efnisliðir eru 66%.

Líftími er áætlaður 25 ár.

Verð á hvern skúr: 70.355 kr/stk.

### **4.3.5 Ýmiss kostnaður**

Teikningar og fleira.

Magntala er brúttóflatarmál.

Efnisliðir eru 49%.

Verð á hvern rúmmeter: 23.298 kr/m<sup>2</sup>.

### **4.3.6 Álag á vélmat bílskúra**

Ofan á alla ofangreinda liði er lagt fast álag 3,0% til að mæta fjármagnskostnaði. Innifalið í því eru vextir á byggingartíma, vextir vegna skammtímafjármögnunar og öflun veðleyfa.

### **4.3.7 Viðmiðunarlíkan fyrir bílskúra í vélmati**

Í 12. töflu má sjá heildarkostnað byggingarhluta í viðmiðunarlíkani fyrir bílskúra í vélmati. Hægt er að sjá bæði heildarkostnað byggingarhluta sem og efniskostnað hvers byggingarhluta. Einnig má sjá verðið eins og það var eftir endurmat 2012 og hversu mikil breyting hefur orðið. Fjármagnskostnaður er ekki tekinn með í töflunni.



**12. tafla.** *Kostnaðarmetið verð byggingarhluta fyrir viðmiðunarlíkan bílskúra í vélmati*

Byggingarhluti	Heild	Efni	Heild	Efni	Hækkun
	2012	2012	2013	2013	heild
	(kr.)	(kr.)	(kr.)	(kr.)	(%)
Undirbygging	3.753.928	1.582.700	3.892.192	1.499.250	3,7
Útveggir	1.553.158	880.210	1.519.651	807.947	-2,2
Innveggir	644.874	370.613	748.816	463.229	16,1
Þak	1.579.180	923.383	1.552.273	858.246	-1,7
Gluggar	590.115	315.518	641.094	354.676	8,6
Útihurðir	1.318.364	621.751	1.413.814	687.314	7,2
Bílskúrshurðir	2.873.936	1.921.201	3.069.056	2.075.457	6,8
Frágangur veggja úti	502.361	161.071	523.088	167.739	4,1
Frágangur veggja inni	1.535.796	671.218	1.584.074	683.919	3,1
Frágangur gólfa	340.597	186.776	360.518	200.217	5,8
Frágangur lofta	1.404.995	623.311	1.475.686	661.934	5,0
Frárennslislagirnir	1.063.722	707.347	1.135.476	762.981	6,7
Hitalögn	757.726	585.044	880.889	700.726	16,3
Raflögn	1.021.428	430.960	1.030.228	434.650	0,9
Sjálfv. hurðaropnari	333.809	210.000	422.130	280.650	26,5
Ýmiss kostnaður	3.351.139	668.926	2.954.137	758.582	88,2
<b>Samtals:</b>	<b>22.625.128</b>		<b>23.203.122</b>		<b>2,6</b>

#### 4.4 Gæðastuðlun í vélmati

Leiðbeiningar fyrir notkun gæðastuðla í vélmati. Stuðullinn er notaður á viðkomandi byggingarhluta til lækkunar eða hækkunar.

##### Þak (einbýli og fjölbýli)

- (0) 91% Þak án steyptrar plötu.
- (1) 100% Flatt steinsteypt þak, múrhúðað með pappalögn. Timburris og skúrþök klædd bárujární. Þó að séu 1-2 verksmíðjuframleidd ofanljós koma þau í þennan kóta.
- (+) 125% Vandaðra efni í þakklæðningu og rennum t.d. formað stál.
- (2) 150% Þök klædd áli, með íburðarmiklum þakköntum (30 cm háum). Einnig álpök með sérsníðuðum ofanljósum.
- (3) 209% Þök klædd eir. Einnig íhvolf valmaþök hærri en u.þ.b. 1,8 m, klædd vönduðum pappa.

### **Þak (bílskúrar)**

- (-) 75% Létt timburþak án steyptra burðarbita, skúrþak.
- (0) 100% Þak sbr. 1 án steyptrar plötu.
- (1) 100% Flatt steinsteyppt þak, múrhúðað með pappalögn. Timburris og skúrþök klædd bárujární.
- (+) 125% Vandaðra efni í þakklæðningu og rennum t.d formað stál eða litað ál.
- (2) 200% Þak klætt eir. Einnig íhvolft valmapök hærri en u.þ.b. 1,8 m, klædd vönduðum pappa.

### **Frágangur útveggja (einbýli, fjölbýli og bílskúrar)**

- (0) 0% Ófrágengnir steinsteypptir útveggir í því ástandi sem þeir koma beint undan steypumótum eða timburveggir vindvarðir án ytri klæðningar.
- (-) 60% Steinsteypptir veggir holufylltir, pokahúðaðir og málaðir. Timburveggir með þunnri klæðningu úr t.d. krossviði.
- (1) 100% Steinsteypptir útveggir múrhúðaðir og málaðir. Timburveggir klæddir tréklæðningu t.d. furupanil, máluðu bárujární eða lituðu stáli (0,5 mm).
- (+) 180% Vandaðir steinsteypptir útveggir t.d. íburðarmikil sérsmíðuð mót. Steinsteypptir veggir múrklæddir án einangrunar. Múraðir veggir steindir með t.d. kvarsmulningi. Steinsteypptir útveggir klæddir að utan með timburgrind einangraðri með 50 mm steinull, klæddir tréklæðningu t.d. furupanil, máluðu bárujární eða litaðri stálklæðningu (0,5 mm). Timburveggir klæddir utan með plast-trefjaplötum (6 mm).
- (2) 300% Steinsteypptir veggir múrklæddir og einangraðir. Steinsteypptir útveggir, klæddir að utan með grind einangraðri með 75 mm steinull, klæddir utan með plast-trefjaplötum (6 mm), eða álplötum (2 mm). Timburveggir klæddir utan með álplötum eða álkassettum (2 mm).
- (3) 450% Steinsteypptir útveggir klæddir að utan, klæðningarkerfi úr jární/áli, einangrun 100 mm steinull. Klæðning 6-8 mm plötur (Trespa, MEG, Glasal o.s.frv.), eða vönduð áklæðning (2 mm) t.d. kassettur eða pönnur. Timburveggur með múrsteinsklæðningu.

### **Gluggar (einbýli, fjölbýli og bílskúrar)**

- (-) 87% Furukarmar með einföldu eða tvöföldu „mixuðu“ gleri.
- (1) 100% Furukarmar með tvöföldu verksmiðjugleri.
- (+) 141% Harðviðar- og álkarmar, tvöfalt háeinangrandi gler eða jafngott.
- (2) 160% Furu- og harðviðarkarmar, tvö- og þrefalt háeinangrandi veksmiðjugler. Margpósta gluggar.
- (3) 190% Álguggar, tvö- og þrefalt háeinangrandi verksmiðjugler.

### Útihurðir (einbýli og fjölbýli)

- (0) 0% Hurðir af mjög óvandaðri gerð, t.d. úr „masonite“ í húsum yngri en 15 ára.
- (-) 81% Allar tegundir furuhurða málaðar eða fúavarðar.
- (1) 100% Inngangs- og svalahurðir úr „Oregon pine“. Gler í svalahurðum. Einnig harðviðarhurðir aðrar en fulningahurðir, með mjóum hliðarglugga.
- (+) 122% Inngangshurðir úr harðviði öðrum en „Oregon pine“, jafnvel með mörgum hliðargluggum með skrautgleri, látúni á hurð og þröskuldi. Svalahurðir, vandaðar úr harðviði.
- (2) 170% Vönduð harðviðarhurð með hliðargluggum, skrautgler.
- (3) 210% Harðviðarfulningahurð með hliðargluggum. Tvöfaldar álhurðir.

### Bílskúrðshurðir (aksturshurðir)

- (-) 67% Furuhurð óeinangruð, fúavarin eða máluð.
- (1) 100% Góður furupanell, spjöld báðu megin, einangrun og góð járn.
- (+) 130% Harðviður, „Oregon pine“. Einangrað og góð járn. Fellihurðir.
- (2) 216% Harðviður, „teak“ fulningar, einangrað og góð járn.
- (3) 240% Fellihurð ál/stál með gluggum. Breidd 4,0 - 4,5 m hæð að 3,0 m.

### Bílskúrðshurðir (gönguhurðir)

- (-) 79% Furuhurð óeinangruð, fúavarin eða máluð.
- (1) 100% Góður furupanell, spjöld báðu megin og einangrað.
- (+) 129% Harðviður, „Oregon pine“ og einangrað.
- (2) 200% Harðviður, „teak“ fulningar og einangrað.
- (3) 240% Vönduð harðviðarhurð og læsingar.

### Frágangur veggja inni (einbýli og fjölbýli)

- (-) 86% Allir veggir málaðir.
- (0) 55% Veggir aðeins múrhúðaðir, yfirborðsmeðferð ólokið.
- (1) 100% Veggir múrhúðaðir og málaðir. Ekki er gerður greinarmunur á málningu og veggfóðri. Flísar á milli skápa í eldhúsi. Dúkur á baðveggjum, eða flísalagðir í kringum handlaug eða bað.
- (+) 156% Frágangur eins og í 1, nema böð flísalögð upp í loft með vönduðum postulínsflísum. Einstaka veggir klæddir furupanel, veggstriga eða spónlögðum viðarþiljum.
- (2) 175% Frágangur eins og í +, nema flísar eru keramik af vandaðri gerð, oft með upphleyptu mynstri. Veggir klæddir lökkuðum harðviðarþiljum. Tvöfaldir gifsveggir á málmgrind ásamt einangrun, enn fremur mynsturmúraðir og hraunaðir veggir.
